# MOSFELLINGUR



3. TBL. 23. ÁRG. FIMMTUDAGUR 7. MARS 2024 DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS




KARITAS, EYDÍS SÓL OG ÍSAK Í HLUTVERKUM ÖNNU, LÍNU OG TOMMA

Mynd/RaggiÓla

*Leikfélagið sýnir söngleikinn um Línu á sunnudögum • Menning í mars*

## Lína Langsokkur frumsýnd

**Leikfélag Mosfellssveitar sýnir um þessar mundir söngleikinn um Línu Langsokk eftir Astrid Lindgren sem fólk á öllum aldri ætti að þekkja. Stór hópur leikara og tónlistarfólks tekur þátt í uppsetningunni og mega gestir eiga von á sannkallaðri söng- og dansveislu. Frumsýnt var um helgina en sýnt verður á sunnudögum í Bæjarleikhúsinu.**


EIGN VIKUNNAR www.fastmos.is



**Lóugata** - glæsileg raðhús

Ný og glæsileg 172,2 m2 raðhús á einni hæð með bílskúr, frágengin lóð með hellulögðu bílaplani og timburverönd. Eignirnar afhendast í júní 2024 tilbúnar til innréttingar en auk þess eru þær fullmálaðar, rafmagn frágengið með free@home hússtjórnarkerfi frá ABB og loftskiptikerfi frá Íshúsinu.

**Verð frá 114,9 m.**





Fasteignasala Mosfellsbæjar

FYLGSTU MEÐ OKKUR á Facebook

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is

VINNULJÓS SEM VIRKA MEÐ ÞÍNUM RAFHLÖÐUM



VIRKAR MEÐ RAFHLÖÐUM FRÁ:
Milwaukee, Dewalt, Metabo, Bosch, Makita, Hikoki og Panasonic

2.500, 5.000 & 10.000 Lumen

redder Byggingalausnir
Hyrjarhöfða 2
Sími 558 0888
www.redder.is

MOSFELLSBAKARÍ
KRANSAKAKAN FYRIR FERMINGUNA
FÆST Í MOSFELLSBAKARÍI
HÁHOLT 13-15 HÁALEITISBRAUT 58-60 MOSFELLSBAKARI.IS






*Mosfellingurinn Hanna Björk Halldórsdóttir íþróttafulltrúi Aftureldingar*

## Sjálfstæð móðir eftir fjögurra ára ferðalag

»24


RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf
Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
WWW.JONB.IS




CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

# MOSFELLINGUR

www.mosfellingur.is - mosfellingur@mosfellingur.is

**Útgefandi**: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**
Hilmar Gunnarsson, *hilmar@mosfellingur.is*

**Ritstjórn:**
Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, *annaolof@mosfellingur.is*
Ragnar Þór Ólason, *raggiola@mosfellingur.is*
Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

**Prentun:** Landsprent. **Upplag:** 5.000 eintök. **Dreifing:** Afturelding.
**Umbrot og hönnun**: Mosfellingur ehf.
**Prófförk:** Ingibjörg Valsdóttir ISSN 2547-8265

*Tekið er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.*

**Mosfellingur kemur út mánaðarlega.**

NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT 11. APRÍL


# Mosfellsk menning

Nú stendur yfir Menning í mars, sem er yfirskrift þessa mánaðar í Mosfellsbæ. Fjöldi viðburða er í boði um allan bæ og um að gera að láta sjá sig. Dagskrá má finna hér í blaðinu og á mos.is.



Ef við viljum að menningarlíf blómstri í bæjarfélaginu þá er gott að láta sjá sig. Þetta er dálítið eins og með veitingastaðina. Það er ekki nóg að heimta bara allt það besta og fjölbreyttasta og mæta svo ekki. Nú er tækifærið!

Söngvakeppni sjónvarpsins fór fram um helgina og sigraði Hera Björk eins og alþjóð veit. En það sem færri vita er að hún er flutt í Mosó. Við, sem Eurovision-bær, erum því ekki af baki dottin þótt það séu orðin nokkur ár síðan við áttum fulltrúa þar í fremstu víglínu. Hera er því komin í glæsilegan hóp listamanna sem við Mosfellingar státum okkur svo oft af. Nokkrar dívur verða einmitt í Hlégarði á föstudaginn með tónleika. Menningin maður.

*Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellings*


ÍSFUGL
www.isfugl.is
KJÚKLINGUR KALKÚNN UM ÍSFUGL ÍSFUGLSBÆNDUR


## Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU ...

### DÍSELA, DIDDÚ OG MOSFELLINGAR Í SINFÓ

**Frétt úr Mosfellingi 22. júní 2007.**

Hinn 14. og 15. júní hélt Sinfóníuhljómsveit Íslands (Íslendska symfoniorkestrið) tónleika í Norðurlandahúsinu í Færeyjum og flutti einkum gömul íslensk dægurlög.

Söngkonur með hljómsveitinni voru Mosfellingarnir Hjördís Elín Lárusdóttir og Sigrún Hjálmtýsdóttir og gerðu þær stormandi lukku á tónleikunum. Að auki léku fimm hljóðfæraleikarar úr Mosfellsbæ með hljómsveitinni svo óhætt er að segja að Mosfellingar hafi gert garðinn frægan hjá frændum okkar Færeyingum.

*Ljósmynd: Bjarki Bjarnason*



*Söngdívurnar úr Mosfellsbæ Sigrún Hjálmtýsdóttir og Hjördís Elín Lárusdóttir ásamt íslensku ræðismannshjónunum í Færeyjum, Eiði Guðnasyni og Eyglóu Helgu Haraldsdóttur.*



*Mosfellskir tónlistarmenn fyrir utan Norðurlandahúsið í Þórshöfn að loknum tónleikunum hinn 15. júní. Talið frá vinstri: Jón Halldór Finnsson, Hjördís Elín Lárusdóttir, Sigrún Hjálmtýsdóttir, Anna Guðný Guðmundsdóttir, Sigurður Snorrason, Þorkell Jóelsson og Sigurður Þorbergsson.*

Mosfellingar gera garðinn frægan með Sinfóníuhljómsveit Íslands

# Stormandi lukka í Færeyjum

**Umsjón:** Birgir D. Sveinsson *(birgird@simnet.is)*

## HÉÐAN OG ÞAÐAN











Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?




# Fasteignasala Mosfellsbæjar



**Svanþór Einarsson**
Lögg. fasteignasali



**Sigurður Gunnarsson**
Lögg. fasteignasali



**Theodór Emil Karlsson**
Lögg. fasteignasali



**Steingrímur Benediktsson**
Lögg. fasteignasali



## BJARKARHOLT 10

Falleg og sjarmerandi ósamþykkt 118,9 m2 3-4ra herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi í nýlegu lyftuhúsi. Frábær staðsetning í hjarta Mosfellsbæjar þar sem stutt er í alla þjónustu.

**V. 64,9 m.**



## KVÍSLARTUNGA 28

Glæsilegt 382,5 m2 einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr í byggingu. Gólfsíðir gluggar og mikil lofthæð sem gerir eignina skemmtilega og bjarta. Stórar svalir í suðurátt með glæsilegu útsýni. Eignin afhendist tilbúin til innréttinga.

**V. 200,0 m.**



## SKÁLAHLÍÐ 28

Fallegt 233,9 m2 einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Eignin skiptist í hjónaherbergi með fataherbergi, þrjú barnaherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, forstofu, eldhús, stofu, borðstofu, sjónvarpshol og bílskúr.

**V. 159,9 m.**



## VOGATUNGA 47

Fallegt og vel skipulagt 199,8 m2, 5 herbergja endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Mikil lofthæð og innbyggð lýsing er á efri hæðinni. Mjög stórar svalir ca. 30 m2 með fallegu útsýni og stór timburverönd.

**V. 137,9 m.**



## BUGÐUFLJÓT 17C

Nýtt og vandað 112,4 m2 geymsluhúsnæði við Bugðufljót. Allt að 7 m lofthæð sem gefur möguleika á að setja upp allt að 52,2 m2 milliloft í hverju bili. Eignin afhendist við kaupsamning fullbúin skv. skilalýsingu seljanda.

**V. 49,5 m.**




## BUGÐUFLJÓT 17B

Nýtt og vandað 63,8 m2 geymsluhúsnæði sem er að rísa á stórri lóð við Bugðufljót 17 á Tungumelum í Mosfellsbæ. Eignin afhendist við kaupsamning fullbúin skv. skilalýsingu seljanda.

**V. 29,9 m.**




## LILJUGATA 8-24

Glæsileg og vel skipulögð 190 m2 raðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr, frágenginni lóð með hellulögðu bílaplani og timburverönd. Eignirnar afhendast rúmlega tilbúnar til innréttingar með frágenginni lóð á kr. 129.900.000 eða fullbúnar á

**V. 144,5 m.**



## BREKKUTANGI 13

278,0 m2 raðhús á þremur hæðum með innbyggðum bílskúr. Hellulagt bílaplan með hleðslustöð. Fallegur garður með timburverönd í suðurátt. Svalir í suðurátt með svalalokun og svalir í norðurátt.

**V. 121,5 m.**




## FOSSATUNGA 1-15

Ný og vel skipulögð raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Mjög stórar svalir með fallegu útsýni. Húsin afhendast fullbúin að innan með grófjafnaðri lóð, en þó er búið að helluleggja fyrir framan inngang.

**V. 129,9-133,9 m.**



## ÞRASTARHÖFÐI 5

Falleg og vel skipulögð 109,8 m2 4ra herbergja endaíbúð með fallegu útsýni á 2. hæð, ásamt stæði í bílageymslu. Vinsæll staður í Mosfellsbæ. Stutt er í Lágafellsskóla, leikskóla, Lágafellslaug og World Class, en auk þess er golfvöllur í næsta nágrenni.

**V. 79,9 m.**




## BJARGSLUNDUR 11

Nýtt og glæsilegt 219,1 m2 einbýlishús á einni hæð með bílskúr í byggingu á eignarlóð. Frábær staðsetning þar sem stutt er í náttúruna og gönguleiðir. Eignin afhendist samkvæmt skilalýsingu seljanda rúmlega tilbúin til innréttinga.

**V. 134,9 m.**



## VEFARASTRÆTI 11

Björt og vel skipulögð 125,5 m2, 5 herbergja endaíbúð í lyftuhúsi á efstu hæð ásamt bílastæði í bílageymslu. Mikil lofthæð og gluggar í þrjár áttir sem gerir eignina skemmtilega og bjarta. Frábær staðsetning rétt við grunn- og leikskóla, Helgafellsskóla, og fallegar gönguleiðir.

**V. 89,9 m.**



## ÁSHOLT 3

2ja hæða einbýlishús ásamt aukaíbúð á neðri hæð með sérinngangi. Yfirbyggð sundlaug m/heitum potti, nýtt sem sólskáli í dag ásamt fallegum garði. Nýstandsett aukaíbúð í kjallara með sérinngangi sem gefur möguleika á góðum leigutekjum.

**V. 194,0 m.**




## BRÚARFLJÓT 18

51,2 m2 geymsluhúsnæði. Góð lofthæð. Tvær innkeyrsluhurðir og ein inngönguhurð. Svæðið er allt malbikað og verður afgirt með tveimur rafdrifnum hliðum. Tvö einkastæði á lóð fylgja.

**V. 26,9 m.**

Fastmos ehf. • Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080 • www.fastmos.is • Svanþór Einarsson, löggiltur fasteignasali



## Tileinkaði Úllu frænku sigurinn

Sigurvegari Söngvakeppni Sjónvarpsins, Hera Björk Þórhallsdóttir, tileinkaði Úllu frænku sigurinn þegar hún tók við verðlaununum í beinni útsendingu á laugardaginn. „Tilfinningin er engu lík. Þetta er fyrir þig Úlla frænka. Frænka mín sem ég elska og er ekki með okkur lengur. Hún var minn stærsti og mesti stuðningsmaður. Ég elska þig Úlla!” Móðursystir Heru, Úlfhildur Geirsdóttir á Brúarhóli, var jarðsungin í vikunni eftir skammvinn veikindi. Hera Björk er nýflutt ásamt fjölskyldu sinni í Mosfellsbæ og verður fulltrúi Íslands í Eurovision söngvakeppninni sem fram fer í Svíþjóð í maí.



## Gísli með uppistand með sögulegu ívafi

Sjónvarpsmaðurinn Gísli Einarsson mætir með gamansýninguna sína, Ferðasögu Gísla Einarssonar (en hvorki Eggerts né Bjarna), í Hlégarð fimmtudaginn 14. mars. „Ég kalla þetta atlögu að Íslandsmeti í aulabröndurum án atrennu,“ segir Gísli sem sett hefur upp sýninguna á Landsnámssetrinu í Borgarnesi við miklar vinsældir. Sýningin í Hlégarði hefst kl. 20 og er hluti af Menningu í mars. „Þetta er eins konar uppistand með sögulegu ívafi,“ segir hinn víðförli Borgnesingur Gísli sem hefur undanfarinn aldarfjórðung ferðast fram og aftur um landið, hring eftir hring og aftur til baka og stúderað landshætti og líf landans með það að markmiði að taka upp þráðinn þar sem Eggert og Bjarni skildu við. Það markmið náðist ekki. Miðasala er á Tix.is.



*Dómnefnd ásamt verðlaunahöfunum þremur í nafnasamkeppninni. Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra, Guðrún Birna Einarsdóttir, Sigurveig Gunnarsdóttir, Gerður Pálsdóttir, Anna Sigríður Guðnadóttir bæjarfulltrúi og Ragnar Jónsson á auglýsingastofunni TVIST.*

*Úrslit í nafnasamkeppni fyrir nýtt svæði • Fyrir börn og ungmenni og fjölskyldur þeirra*

# Þjónustusvæðið á landi Skálatúns fær nafnið Farsældartún

Á Skálatúni hefur um árabil verið búsetusvæði fyrir fatlað fólk sem var rekið af IOGT á Íslandi. Vorið 2023 hætti IOGT á Íslandi þeirri starfsemi og þjónusta við íbúa á Skálatúni er nú á höndum Mosfellsbæjar en eignarhald fasteigna á svæðinu í eigu nýs aðila, Skálatúns, sjálfseignarstofnunar í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna.

Til stendur að byggja upp þjónustusvæði fyrir börn og ungmenni og fjölskyldur þeirra á svæðinu og mun svæðið því taka vissum breytingum. Í ljósi þessara breytinga var ákveðið að halda nafnasamkeppni í þeim tilgangi að fá nýtt nafn á svæðið sem mun sinna breyttum verkefnum þegar svæðið hefur verið byggt upp.

**Þrír sigurvegarar með sama nafnið**

Niðurstaða dómnefndar í nafnasamkeppni fyrir uppbyggingu á svæðinu í landi Skálatúns í Mosfellsbæ er: Farsældartún.

Dómnefnd var skipuð þremur fulltrúum, Ásmundi Einari Daðasyni f.h. mennta- og barnamálaráðuneytisins, Önnu Sigríði Guðnadóttur bæjarfulltrúa, f.h. Mosfellsbæjar og Ragnari Jónssyni, f.h. auglýsingastofunnar TVIST.

Leitað var til almennings um tillögur að nafni. Samkeppnin var auglýst sérstaklega á heimasíðu Mosfellsbæjar og í bæjarblaðinu Mosfellingi. Enn fremur var þremur opinberum stofnunum gert sérstaklega viðvart um samkeppnina og þær hvattar til að fá sitt fólk til að taka þátt. Um það bil 150 tillögur bárust.

Niðurstaða dómnefndar var að velja heitið Farsældartún úr innsendum nafnatillögum.

Þrír aðilar stungu upp á nafninu, þær Guðrún Birna Einarsdóttir, Sigurveig Gunnarsdóttir og Gerður Pálsdóttir og var þeim veitt viðurkenning í vikunni.

**Farsæld barna í forgrunni**

Orðið farsæld merkir samkvæmt orðabók „það að farnast vel í lífinu“. Samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, farsældarlögunum, merkir farsæld barns þær „aðstæður sem skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðilegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar.“

Starfsemin sem mun fara fram í Farsældartúni mun einmitt miða að því að farsæld barna verði náð og því skýrt samhengi milli þess sem fara mun þar fram og heitis svæðisins.

Dómnefndin taldi að vísan þess heitis í tún væri m.a. vísan í gamla tíma þar sem fyrra heiti svæðisins var Skálatún. Einnig að þannig væri vísað í hefðir Mosfellsbæjar eins og bæjarhátíðina „Í túninu heima“. Þá eru tún tákn um ræktun, grósku og uppskeru, sem vísar til þess starfs sem fara mun fram á svæðinu þegar það hefur verið byggt.

Nafnið gefur einnig tækifæri til þess að skapa samverusvæði á reitnum sem gæti kallast Farsældartún, en þar mætti hafa leiktæki og annað sem hvetur til jákvæðrar og uppbyggjandi samveru barna, ungmenna og fjölskyldna.

Dómnefnd hvetur Mosfellsbæ einnig til þess að haga því þannig til að götuheiti á svæðinu beri nafnið Farsældartún og byggingar á svæðinu standi því við Farsældartún nr. 1, 2, 3, o.s.frv.

Fljótlega verður farið í deiliskipulagsvinnu á svæðinu en markmiðið er að þarna verði á einum stað helstu stofnanir og samtök sem koma að þjónustu við börn og ungmenni auk úrræða fyrir börn með fjölþættan vanda.

## KIRKJUSTARFIÐ




## HELGIHALD NÆSTU VIKNA

**Sunnudagur 10. mars**
Kl. 20: Tónlistarmessa í Lágafellskirkju með Jónasi Sig. Árni Heiðar Karlsson organisti leikur undir. Sr. Henning Emil Magnússon leiðir stundina. Hressing & samfélag í skrúðhúsi eftir messu.

**Sunnudagur 17. mars**
Kl. 20: Mottumessa í Lágafellskirkju. Daníel S. Reynisson, einn af stofnendum Krafts, stuðningsfélags fyrir ungt fólk með krabbamein og aðstandendur, flytur hugvekju. Karlakórinn Þrestir syngur. Stjórnandi og organisti er Árni Heiðar Karlsson. Sr. Henning Emil Magnússon & Guðlaug Helga Guðlaugsdóttir leiða stundina.

**Pálmasunnudagur 24. mars**
Fermingar„vertíðin” 2024 hefst með tveimur athöfnum kl. 10:30 og 13:30 í Lágafellskirkju. Fermingar verða 24. mars, 6. og 7. apríl, 13. og 14. apríl og 19. maí í kirkjunum okkar. Alls 12 athafnir!

**Skírdagur 28. mars**
Kl. 20: Kvöldmessa í Lágafellskirkju. Einsöngur: Sigríður Ósk Kristjánsdóttir.

**Föstudagurinn langi 29. mars**
Kl. 17: Guðsþjónusta í Lágafellskirkju. Prestur: sr. Arndís Linn. Saxófón: Óskar Guðjónsson. Prestur: sr. Arndís Linn.

**Páskadagur 31. mars**
Kl. 9: Hátíðarmessa í Lágafellskirkju. Prestur: sr. Henning Emil Magnússon. Páskamorgunverður í safnaðarheimilinu að athöfninni lokinni.

---

**Minnum á: Úlfastundir, Sumarnámskeið og Gaman saman auglýst nánar á www.lagafellskirkja.is**

JEEP® GRAND CHEROKEE

# GRAND FORSALA

4xe




## VERÐLAUNAÐASTI JEPPI SÖGUNNAR Í FORSÖLU

Það hefur aldrei verið þægilegra að njóta ævintýranna jafnt innan sem utan borgarinnar. Nýr 380 hestafla Jeep® Grand Cherokee Plug-In Hybrid drífur þig á vit ævintýranna, hlaðinn lúxus-staðalbúnaði og með meira rými en áður. Aukin drifgeta og lágt drif.

**Bjóðum takmarkaðan fjölda bíla á flottu verði:**

**Limited: 14.990.000 kr.** **Summit Reserve: 16.990.000 kr.**

Komdu, prófaðu og taktu frá þitt eintak af verðlaunaðasta jeppa sögunnar.

**ALVÖRU JEPPI – ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF**

ISBAND

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 • ISBAND.IS • JEEP.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep®

*Mosfellsbær í 1. sæti í árlegri þjónustukönnun Gallup • Yfir meðaltali í 11 af 12 þjónustuþáttum sem kannaðir voru*

# BEST AÐ BÚA Í MOSFELLSBÆ

Samkvæmt þjónustukönnun Gallup segjast 89% íbúa Mosfellsbæjar ánægðir með sveitarfélagið sem stað til að búa á og eru ánægðastir í samanburði við íbúa annarra sveitarfélaga.

Könnunin veitir yfirlit yfir stöðu Mosfellsbæjar í samanburði við 18 önnur sveitarfélög sem þátt tóku í könnuninni. Auk þessa mældist mikil ánægja meðal íbúa með þjónustu sveitarfélagsins í heild og situr Mosfellsbær í öðru sæti þar ásamt því að vera yfir meðaltali í 11 af 12 þjónustuþáttum sem kannaðir voru.

Mosfellsbær deilir öðru sæti þegar kemur að ánægju með þjónustu við eldri borgara og er í þriðja sæti af sveitarfélögunum þegar kemur að skipulagsmálum, þjónustu við barnafjölskyldur og menningarmálum.


FALLEGUR SUMARDAGUR Í TÚNINU HEIMA

**Umfangsmeiri mælingar fram undan**

„Við fögnum því að Mosfellsbær mælist það sveitarfélag þar sem íbúar eru ánægðastir með búsetu. Þá erum við mjög ánægð með að vera yfir meðaltali sveitarfélaga í 11 þáttum af 12 sem mældir voru,“ segir Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri.

„Könnun sem þessi gefur okkur vísbendingar um viðhorf íbúa til þeirrar þjónustu sem við veitum og veitir tækifæri til að rýna það sem vel er gert og þar sem tækifæri eru til úrbóta. Við viljum til dæmis skoða betur þjónustu við fatlað fólk og sjáum að sveitarfélög eru heilt yfir að mælast lág þar.




Við erum að fara í umfangsmeiri þjónustumælingar þar sem notendur þjónustu verða markvisst spurðir um þá þjónustu sem sveitarfélagið er að veita og það mun gefa okkur betri innsýn inn í einstaka þjónustuþætti og þarfir notenda.

Við byrjum á könnun á heimaþjónustu við eldri borgara og fer sú könnun út núna í mars.“

» Gallup framkvæmir könnunina árlega og hefur Mosfellsbær verið með allt frá árinu 2008. Spurt er um viðhorf til þjónustu og málaflokka út frá reynslu og áliti íbúa. Niðurstöðurnar í heild sinni má finna á mos.is


BJARKI AFHENDIR BÓK TIL MINNINGAR UM KLÖRU KLÆNGS

*Bjarki Bjarnason skrifað um árin 1963-2022 og ritstýrði verkinu*

# Aldarsaga UMSK er komin út - 736 blaðsíður

Út er komin 100 ára saga Ungmennasambands Kjalarnesþings (UMSK) sem er héraðssamband íþróttafélaga á stóru svæði umhverfis Reykjavík.

Um 50 félög eru í UMSK, þar á meðal nokkur úr Mosfellsbæ, til dæmis Afturelding, Hestamannafélagið Hörður og MótóMos.

UMSK var stofnað árið 1922, Jón M. Ívarsson sagnfræðingur ritaði sögu UMSK 40 fyrstu árin en Bjarki Bjarnason skrifaði sögu sambandsins 1963-2022. Auk þess ritstýrði Bjarki verkinu og setti saman „Aldarspegil UMSK“ sem er söguannáll sambandsins í 100 ár.

**Breytingatímar í sögu þjóðarinnar**

„Þetta hefur verið viðamikil og skemmtileg vinna,“ segir Bjarki.

„Hér er fjallað um gífurlega breytingatíma í sögu þjóðarinnar, þannig að bókin kemur víða við. Fyrir utan að sögð er saga héraðssambandsins er fjallað um sögu íþróttamannvirkja, íþróttafélaga, íþróttagreina og landsmóta UMFÍ. Útkoman er 736 síðna bók með fjölmörgum ljósmyndum.“

Á myndinni sést Bjarki Bjarnason afhenda eintak af bókinni í Varmárlaug, Haraldur Lorange starfsmaður íþróttamiðstöðvarinnar á Varmá veitti gjöfinni viðtöku.

„Mér fannst við hæfi að gefa eintak af bókinni hingað í Varmárlaug, sagði Bjarki, „til minningar um Klöru Klængsdóttur sem kenndi mér sundtökin hér, á löngu horfinni öld.“

## Dagga skáti hættir sem félagsforingi



Dagbjört Brynjarsdóttir eða Dagga skáti eins og hún er ávallt kölluð hefur látið af störfum sem félagsforingi skátfélagsins Mosverja. „Ég hef gegnt þessu starfi í átta ár, á þessum átta árum hefur félagið tekist á við alls konar áskoranir. Keypt hús og lagað og breytt, sigrað Covid og ýmislegt skemmtilegt. Ég stíg þakklát til hliðar og þakka sjálfboðaliðum félagsins sem hafa fylgt mér þessi ár. Ísak Árni Eiríksson Hjartar tekur við keflinu ég er viss um að hann mun standa sig frábærlega,“ segir Dagga.

*Menning í mars er yfirskrift mánaðarins • Markmiðið að efla menningarstarf í bænum*

# Fjöldi viðburða í boði í mars

Menning í mars hefur það að markmiði að efla menningarstarf í bænum, gera það sýnilegra og hjálpa þeim sem að því standa að kynna sig.

Mosfellingar eru hvattir bæði til að bjóða upp á menningarviðburði í mars og einnig til að mæta vel á viðburðina og njóta þeirrar menningar sem blómstrar í bænum.

Þau sem hafa áhuga á að bjóða upp á menningarviðburð í mars eru hvött til að skrá viðburðinn á mos.is/menningimars.

Dagskrána fram undan má finna hér á síðum Mosfellings og á vef Mosfellsbæjar, www.mos.is

Á myndinni má sjá kvennakórinn Stöllur úr Mosfellsbæ og kvennakórinn Sóldísi sem sameinuðu krafta sína á tónleikum í Hlégarði í upphafi mánaðar, 1. mars.


STÖLLUR OG SÓLDÍS

# Viltu hafa áhrif á uppbyggingu að Varmá?



Mosfellsbær og Afturelding vinna að þarfagreiningu fyrir nýja þjónustu- og aðkomubyggingu við íþróttamiðstöðina að Varmá. Henni er ætlað að verða miðpunktur íþróttamiðstöðvarinnar þar sem veitt er ýmiskonar þjónusta með fjölbreyttri aðstöðu fyrir iðkendur, starfsfólk og gesti.

**Mikilvægur liður í þeirri vinnu er könnun meðal hagaðila og íbúa.**

Markmið spurningakönnunarinnar er að afla upplýsinga um þarfir og væntingar ólíkra hópa til þjónustu- og aðkomubyggingar að Varmá.

Hvetjum öll til að taka þátt og hafa þannig áhrif á uppbygginguna.

**Könnunin og allar nánari upplýsingar má finna á www.mos.is/konnun**

Könnunin er opin til 15. mars.



UMFA



## BA ritgerð um félagsheimili nútímans

Mosfellingurinn Valur Þorsteinsson útskrifaðist á dögunum úr skapandi greinum frá Háskólanum á Bifröst. BA ritgerð hans var um félagsheimili nútímans, tilviksrannsókn um Hlégarð. Lokaverkefnið var rannsókn á félagsheimilum í nútímasamfélagi þar sem m.a. var unnið úr könnun meðal Mosfellinga á hlutverki Hlégarðs. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á skoðanir íbúa Mosfellsbæjar á starfsemi Hlégarðs og hlutverki félagsheimilisins í dag. Niðurstöður leiddu í ljós fjölbreyttar skoðanir þátttakenda sem skiptust að mestu leyti upp eftir aldri. Þær ályktanir sem hægt var að draga út frá niðurstöðunum eru að Mosfellingar séu hlynntir því að bærinn komi að rekstri félagsheimilisins og að eftirspurn er eftir fjölbreyttri starfsemi í húsinu. Þátttakendur rannsóknarinnar voru sammála um að hlutverk hússins sé að þar séu haldnir reglulega viðburðir og skemmtanir en einnig að veita auðvelt aðgengi fyrir einstaklinga og samfélagshópa til að nota húsið. Ritgerðina má finna á www.skemman.is. Á myndinni er Valur Þorsteinsson með afa sínum og nafna Val Oddssyni.

*Ullin og Jökla • Hanna peysu úr íslenskri ull út frá rjómalíkjörnum • Vegleg verðlaun*

# JÖKLA OG ÍSTEX EFNA TIL HÖNNUNARSAMKEPPNI

Ullin og Jökla er yfirskrift hönnunarsamkeppni sem Jökla stendur að um þessar mundir í samvinnu við Ístex í Mosfellsbæ.

Markmið keppninnar er að styðja íslenskan prjónaiðnað, listiðnað, hönnun og frumleika fyrir íslensku ullina sem og nýsköpun fyrir íslenskan landbúnað.

„Keppnin gengur út á að hanna peysu úr íslenskri ull með merki eða hönnun Jöklu rjómalíkjörs sem vitnar í hina margrómuðu og ísköldu Jöklu sem streymir niður árfarveginn til hafsins,“ segir Pétur en fagleg dómnefnd velur best hönnuðu peysurnar.

**Íslensk mjólkurafurð**

Mosfellingarnir og frumkvöðlahjónin Pétur Pétursson og Sigríður Sigurðardóttir voru í mörg ár að þróa íslenska rjómalíkjörinn Jöklu. Pétur er mjólkurfræðingur að mennt og mikill áhugamaður um framleiðslu íslenskra mjólkurafurða.

„Hugmyndin um fyrsta íslenska rjómalíkjörinn kviknaði á ferðalagi um Ítalíu þegar við borðuðum hjá ítölskum bónda sem framleiddi sinn eigin mjólkurlíkjör. Það tók mörg ár að fullkomna uppskriftina, en loksins, árið 2021, kom lokaafurðin í hillur verslana ÁTVR,“ segir Pétur.

**Mosfellskt samstarf**

Þrjár peysur verða valdar í vinningssæti og einnig verða veitt verðlaun fyrir frumlegustu peysuna. Vegleg verðlaun eru í boði fyrir vinningssætin, að andvirði hálfrar milljónar í heildina.

Peysurnar skulu berast nafnlausar en merktar með einkunnarorði/dulnefni eða númeri og þeim skal fylgja umslag sem



PÉTUR OG SIGGA Í SVEITINNI

inniheldur upplýsingar um þátttakanda.

„Skila þarf inn peysunum fyrir 10. maí til Ístex að Völuteigi 6 í Mosó.

Úrslitakvöldið verður svo haldið í Hlégarði þann 16. maí þar sem einnig verður kynning á vörum sem tengjast nýsköpun í landbúnaði,“ segir Pétur að lokum og er spenntur að sjá hvaða listaverk koma út úr þessari samkeppni og hvetur sem flesta til þátttöku. Hann veitir nánari upplýsingar í gegnum netfangið petur@joklavin.is eða á www.jokla.com.

## ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • FRAM UNDAN Í STARFINU



### Skartgripagerð
Í félagsstarfinu Hlaðhömrum 2 fimmtudaginn 7. og 14. mars kl. 11:30-15:00. Allir velkomnir og kostnaður í lágmarki.




### PÁSKA-Bingó
Í Hlégarði miðvikudaginn 13. mars kl. 13:30. Bingóstjóri er Hilmar Gunnarsson. Allir velkomnir.

### Gaman Saman
Í Safnaðarheimilinu kl. 14:00 14. mars og 4. apríl. Allir velkomnir.

### Gaman Saman
Á Hlaðhömrum 2 kl. 13:30 7. mars og 21. mars. Allir velkomnir.

Minnum á félagsvist alla föstudaga kl. 13:00 í borðsal Eirhamra. Bridge er spilað á þriðjudögum á Hlaðhömrum 2.



### LEIKFIMI FYRIR ELDRI BORGARA
Alla fimmtudaga. Kennari er Karin Mattson og eru tveir hópar.
***Hópur 1 kl. 10:45*** áhersla á aðeins léttari leikfimi, hentar vel veikburða fólki og fólki með grindur.
***Hópur 2 kl. 11:15*** almenn leikfimi, fyrir þá sem eru í ágætisformi.

Leikfimin er gjaldfrjáls og er liður í því að búa í Heilsueflandi samfélagi í Mosfellsbæ. Kennt er í leikfimisalnum á Hlaðhömrum 2. Öllum velkomið að mæta og vonum við svo sannarlega að fólk nýti sér leikfimina. Leikfimin er gjaldfrjáls.

### Páskafrí
Félagsstarfið Hlaðhömrum 2 fer í páskafrí 27. mars, opnum aftur þriðjudaginn 2. apríl kl. 11:00.

### Portoroz
5.–12. september 2024. Hver að verða síðastur að skrá sig í ferð félag eldri borgara í Mosó til Portoroz 5.–12. september 2024. Ferðin er 7 nætur / 8 dagar þar sem gist verður á 4* hótelinu Hotel Riviera í Portoroz í 6 nætur. Aðeins 16 pláss laus, endilega komið með.



### HITTUMST Í HLÉGARÐI
Alla þriðjudaga kl. 13:00-15:00 í vetur. Hlégarður er opinn fyrir allan aldur til að koma saman og njóta samveru og t.d prjóna, spila, vefa, tefla, dansa og syngja. Alltaf verður heitt á könnunni og hlýlegt að koma til okkar. Nýtum fallega Hlégarð til samveru.



**Skrifstofa félagsstarfsins** er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er *Elva Björg Pálsdóttir* tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.
**Skrifstofa FaMos** á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16.

**FÉLAG ALDRAÐRA**
**í Mosfellsbæ og nágrenni**
*famos@famos.is*
*www.famos.is*

**STJÓRN FAMOS**

**Jónas Sigurðsson** formaður
s. 666 1040 *jonass@islandia.is*

**Jóhanna B. Magnúsdóttir** varaformaður
s. 899 0378 *hanna@smart.is*

**Þorsteinn Birgisson** gjaldkeri
s. 898 8578 *thorsteinn.birgis@gmail.com*

**Guðrún K. Hafsteinsdóttir** ritari
s. 892 9112 *gunnasjana@simnet.is*

**Ólafur Guðmundsson** meðstjórnandi
s. 868 2566 *polarafi@gmail.com*

**Ingibjörg G. Guðmundsdóttir** varamaður
s. 894 5677 *igg@simnet.is*

**Hrund Hjaltadóttir** varamaður
s. 663 5675 *hrundhj@simnet.is*


FERÐABÓK
Gísla Einarssonar
(en hvorki Eggerts né Bjarna)
Árið 1772 kom út í fyrsta sinn Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar sem byggir á rannsóknum fræðimannana tveggja á landsháttum á Íslandi og lífi Íslendinga. Síðan hefur margt breyst en það hefur farist fyrir að uppfæra rannsóknir Eggerts og Bjarna, fyrr en nú.
Hinn víðförli Borgfirðingur, Gísli Einarsson, hefur undanfarinn aldarfjórðung ferðast fram og aftur um landið, hring eftir hring og aftur til baka og stúderað landshætti og líf landans með það að markmiði að taka upp þráðinn þar sem Eggert og Bjarni skildu við. Það markmið náðist ekki! Vinnubrögð Gísla eru ófagleg og hvarvetna er kastað til höndum. Útkoman er því einhverskonar mislukkað grín þar sem hæðst er á ósmekklegan hátt að einstaka byggðarlögum og íbúum þeirra.
MIÐASALA Á TIX.IS
Menning í mars
HLÉGARÐUR
FÉLAGSHEIMILI
FIMMTUDAGUR
14. MARS


20:00
8. MARS
Menning í mars
TÓNLEIKAR
MENNINGARFERÐ Í HLÉGARÐI
Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu og Hlégarður blása til tónleikagleði þar sem fram koma mosfellsku söngkonurnar GDRN, Stefanía Svavars, Greta Salóme og Auður Linda.
Leynigestur í lok kvöldsins.
Húsið opnar 19:00 með fordrykkjasmakki frá Zenato og fleirum, til styrktar meistaraflokki kvenna í knattspyrnu. Tónleikar hefjast 20:00.
UMFA
MIÐASALA Á MIDIX.IS

*Ragnheiður Þengilsdóttir og Óli Valur Steindórsson ráku Bankann (áður Barion) í tæp 5 ár • Áfram hverfisstaður*

# Bankinn kominn í nýjar hendur



RAGNHEIÐUR AFHENDIR KÁRA LYKLANA AÐ BANKANUM

Það er komið að tímamótum á veitingastaðnum Bankanum Bistro í Þverholtinu. Eftir að hafa rekið Bankann Bistro (áður Barion) í tæp 5 ár, afhenda hjónin Ragnheiður Þengilsdóttir og Óli Valur Kára Guðmundssyni lyklana.

„Ég var þjónustustjóri í Arion Mosó og þegar útibúinu var lokað í kjölfar breytinga árið 2018 kom upp tækifæri til að kaupa húsið og umbreyta því í hverfisstað Mosfellinga. Óli Valur sem rekur eigið byggingafyrirtæki fjárfesti í húsinu og sá um umbreytinguna.

Eftir að hafa „brotist inn“ í bankann og farið í miklar framkvæmdir opnuðum við Barion, sem varð að Bankanum, 1. desember 2019,“ segir Ragnheiður.

### Krefjandi og skemmtilegur tími

„Markmiðið var að skapa skemmtilegan hverfisstað fyrir Mosfellinga og teljum við að nokkuð vel hafi tekist til. Í Bankanum hefur fjöldi Mosfellinga komið og notið þess að borða saman, spila bingó, hlusta á góða tónlistamenn, hitað upp fyrir Aftureldingarleiki og skemmt sér án þess að þurfa að fara út fyrir bæjarmörkin. Við höfum haldið skákmót og einnig boðið krökkum í Mosfellsbæ í bíó í vetrarfríum og reynt að leggja okkar af mörkum til þess að gera Mosfellsbæ fjölskylduvænan.“

„Það er búið að vera bæði krefjandi og skemmtilegt að reka Bankann í erfiðu rekstrarumhverfi – sérstaklega þar sem við opnuðum staðinn rétt fyrir Covid-faraldurinn. Við erum þakklát fyrir þann tíma sem við höfum fengið og afhendum glöð Kára lyklana,“ segir Ragnheiður.

### Grindvíkingur tekur við lyklunum

„Við vorum svo heppin að kynnast Kára í gegnum sameiginlegan vin. En Kári rak Fish House í Grindavík sem var mjög vinsæll veitingastaður og skemmtistaður Grindvíkinga allt fram til þess að rýma þurfti bæinn í kjölfar eldgoss,“ segir Ragnheiður.

„Við erum búin að vera í samstarfi við Kára undanfarna mánuði og afrakstur þess er að Kári hefur tekið við rekstri Bankans að fullu. Við óskum Kára alls hins besta með framhaldið og hlökkum til að njóta áfram þess að hafa flottan hverfisstað í hjarta bæjarins.

Við hjónin munum ekki sitja auðum höndum en við rekum áfram átta aðra veitingastaði. Við erum að hefja sjöunda rekstrarár okkar með Hlöllabáta og einnig rekum við Mandí staðina sem við tókum yfir árið 2022.“

Kári tekur fullur tilhlökkunar við lyklunum og stefnir að því að bjóða áfram upp á góðan mat og skemmtilega viðburði. Einhverjar breytingar eru í kortunum eins og gengur og gerist með nýjum eigendum og verður spennandi að fylgjast með framhaldinu.





ÞÉTT SETIÐ Í HLÉGARÐI

*Menning í mars • Hersetin sveit • Fullt hús í fyrra*

# Sögukvöld haldið í Hlégarði 21. mars

Menning í mars stendur nú yfir og eru viðburðir í boði um alla sveit. Í fyrra var staðið fyrir Sögukvöldi í Hlégarði sem þóttist heppnast afskaplega vel og var umræðuefnið þá um heita vatnið í sveitinni.

Nú er komið að því að endurtaka Sögukvöld og tileinka það hernámsárunum í Mosfellssveit. Viðburðurinn fer fram fimmtudaginn 21. mars.

Sigurður Hreiðar og Leifur Reynisson fjalla um þessa miklu breytingatíma í íslensku samfélagi. Sýndar verða ljósmyndir frá hernámsárunum sem varðveittar eru á Héraðsskjalasafni Mosfellsbæjar.

Bjarki Bjarnason stýrir umræðum og Tryggvi Blumenstein sýnir muni úr stríðsminjasafni sínu.

Félagar úr Leikfélagi Mosfellssveitar verða með atriði og boðið verður upp á kaffiveitingar í hléi.

Frítt er inn á þennan viðburð og opnar húsið kl. 19:00 en dagskrá á sviði hefst kl. 19:30.

Á staðnum verður til sölu bók Friðþórs Eydals, Hersetan í Mosfellssveit og á Kjalarnesi 1940-1944.







# Menning í mars

Menning í mars hefur það að markmiði að efla menningarstarf í bænum, gera það sýnilegra og hjálpa þeim sem að því standa að kynna sig. Mosfellingar eru hvattir bæði til að bjóða upp á menningarviðburði í mars og einnig til að mæta vel á viðburðina og njóta þeirrar menningar sem blómstrar í bænum.



**1. MARS – 7. APRÍL**
Myndlistarsýning Guðlaugar Halldórsdóttur í Lágafellslaug.

**10. FEB. - 8. MARS**
Við sjóinn. Giita Hammond og Lara Roje sýna í Listasal Mosfellsbæjar.

**1. MARS**
Kvennakórinn Stöllur og Sóldís í Hlégarði kl. 20:30.

**2. MARS**
Dagur Listaskólans. Opið hús hjá tónlistardeild, Skólahljómsveit og Leikfélagi Mosfellssveitar. 11:00-13:00.

**3. MARS - 5. MAÍ**
Lína Langsokkur. Bæjarleikhúsið.

**4. MARS**
Tónleikar eldri nemenda Listaskólans í Hlégarði kl. 17:00.

**4. MARS**
Bach fyrir börnin í Lágafellskirkju kl. 18:00.

**16. MARS - 12. APRÍL**
Gróðurhula. Þórunn Bára Björnsdóttir sýnir í Listasal Mosfellsbæjar.

**6. MARS**
Tónleikar söngdeildar Listaskóla Mosfellsbæjar í Bæjarleikhúsinu kl. 16:00 og kl. 18:00.

**6. MARS**
Gítartónlist Suður-Ameríku í Hlégarði kl. 18:00.

**7. MARS**
Stormsveitin með singalong á Blik Bistro kl. 20:30.

**8. MARS**
Píanótónleikar og fræðsla fyrir alla í Listaskólanum kl. 17:00.

**8. MARS**
Menningarferð í Hlégarði.
Tónleikar með mosfellskum söngkonum kl. 19:00.

**10. MARS**
Tónlistarmessa með Jónasi Sig. í Lágafellskirkju kl. 20:00

**10., 13. OG 31. MARS**
Ólöf Björg sýnir verk í vinnslu og ný verk í Álafosshúsinu, 3. hæð að Álafossvegi 23 kl. 12-18.



**12. MARS**
Þekkir þú Línu Langsokk?
Sögustund í Bókasafni Mosfellsbæjar kl. 16:45.

**17. MARS**
Mottumessa í Lágafellskirkju kl. 20:00.

**14. MARS**
Ferðabók Gísla Einarssonar. Hlégarður kl. 20:00.

**21. MARS**
Sögukvöld í Hlégarði: Hernámsárin.
Hlégarður kl. 19:00.

Fleiri viðburðir undir hatti Menningar í mars verða kynntir á viðburðadagatali Mosfellsbæjar og á samfélagsmiðlum bæjarins. Þau sem hafa áhuga á að bjóða upp á menningarviðburð í mars eru hvattir að skrá viðburðinn á mos.is/menningimars



Mosfellsbær www.mos.is 525 6700







*Dagur Listaskólans haldinn 2. mars • Opin vika hefur heppnast vel • 370 nemendur*

# Uppbrot í kennslu Listaskólans

Laugardaginn 2. mars var Dagur Listaskólans í Mosfellsbæ en þá var boðið upp á opið hús í deildum Listaskóla Mosfellsbæjar sem eru Tónlistardeild, Skólahljómsveit, Myndlistarskóli og Leikfélag.

Vikuna 4.-7. mars hefur svo staðið yfir „Opna vika Listaskólans“ en þá er engin hefðbundin kennsla í tónlistardeildinni heldur hafa kennarar skólans sameinað krafta sína og vinna saman að kennslu sem fer fram í 59 smiðjum.

Mikill mannauður býr í kennurum skólan og eru þeir með mjög mikla menntun og reynslu í allskyns listsköpun.

Hver kennari sér til þess að nemandi hans skrái sig í smiðju og markmiðið er að nemandinn fái a.m.k. helmingi meiri kennslutíma í smiðjum þessa viku en hann hefði ella fengið í einkatímum.

**Ný nálgun í tónlistarkennslu**

„Þetta er einstakt verkefni hefur kostað mikinn undirbúning en mikilvægt er að tónlistarskólar eins og aðrir skólar þrói fjölbreytta kennsluhætti t.d. með uppbroti í kennslu til að auka áhuga, víðsýni og jákvæðni nemenda gagnvart þeim viðfangsefnum sem þeir vinna að,“ segir Helga Þórdís Guðmundsdóttir skólastjóri Listaskóla Mosfellsbæjar.

Nemendur tónlistardeildar eru um 370 og kennarar 32.

Myndirnar hér til hliðar eru teknar á Degi Listaskólans í Háholti.











Myndir/RaggiÓla





Laus störf í Mosfellsbæ

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á ráðningarvef bæjarins: www.mos.is/storf

Mosfellsbær www.mos.is 525 6700


KJÖTVEISLA
KJÖTVEISLA
TRÍÓ
MÁNAÐARINS
Í mars færðu stóra Pepperoni veislu, Bazaar eða Bahamas
á aðeins 2.390 kr. ef þú pantar í appinu eða á vefnum, greiðir
fyrirfram og sækir í Háholtið. Pantaðu núna!
AÐEINS 2.390 KR.
DOMINO'S
DELUXE

# Innritun í grunnskóla Mosfellsbæjar haustið 2024



Innritun í grunnskóla Mosfellsbæjar fyrir skólaárið 2024-2025 fer fram á Þjónustugátt Mosfellsbæjar.

**Innritun 6 ára barna sem hefja grunnskóla- göngu haustið 2024 fer fram frá 1. mars til 22. mars.**

Innritun skólaskyldra barna og unglinga sem flytjast til Mosfellsbæjar skal vera lokið 1. apríl.

Umsóknir barna og unglinga með lögheimili í Mosfellsbæ, sem óska eftir að sækja grunnskóla í öðrum sveitarfélögum utan lögheimilis, skulu berast á Þjónustugátt Mosfellsbæjar fyrir 1. apríl.

Umsóknir fyrir skólavist utan lögheimilis endurnýjast ekki sjálfkrafa. Mikilvægt er að umsækjendur kynni sér reglur um skólavist utan lögheimilis á vef Mosfellsbæjar.

Nánari upplýsingar og aðstoð varðandi innritun í grunnskóla Mosfellsbæjar veita skrifstofur grunnskólana. Þau sem óska eftir aðstoð og leiðbeiningum vegna Þjónustugáttarinnar geta snúið sér til þjónustuvers Mosfellsbæjar.

Skráning í vetrarfrístund vegna skólaársins 2024-2025 verður auglýst sérstaklega síðar á heimasíðum grunnskólanna.

**Fræðslu- og frístundasvið Mosfellsbæjar**

Mosfellsbær www.mos.is 525 6700






*Svipmyndir frá frumsýningu í Bæjarleikhúsinu um helgina*

# Leikfélagið sýnir Línu Langsokk

Leikfélag Mosfellssveitar sýnir um þessar mundir söngleikinn um Línu Langsokk eftir Astrid Lindgren sem fólk á öllum aldri ætti að þekkja.

Þegar ný stelpa flytur inn í Sjónarhól með apann sinn Herra Níels og hestinn Litla Kall umturnast líf Tomma og Önnu og þau lenda í hverju ævintýrinu á eftir öðru. Aron Martin Ásgerðarson leikstýrir verkinu, Þorsteinn Jónsson er tónlistarstjóri og Eva Björg Harðardóttir hannar leikmynd og búninga.

Stór hópur leikara og tónlistarfólks tekur þátt í uppsetningunni og mega gestir eiga von á sannkallaðri söng- og dansveislu.

Sýningar fara fram á sunnudögum í Bæjarleikhúsinu í Mosfellsbæ og er miðasalan í fullum gangi á tix.is.










Myndir/RaggiÓla


## Næsta blað kemur út:
## 11. APRÍL

Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudaginn 8. apríl.





# Segðu hó!

**Finnur þú draumastarfið í leikskóla í Garðabæ?**

Við leitum að fagfólki til að byggja upp næstu kynslóð. Taktu þátt í faglegu starfi og fáðu forgang við úthlutun leikskólaplássa, afslátt af leikskólagjöldum, árskort í sund og ýmis fleiri fríðindi.

GARÐABÆR

Nánari upplýsingar á **starfabaer.is**


BRAGI RAGNARSSON OG ÞORSTEINN YNGVI BJARNASON


JÓGVAN HANSEN OG ÞÓRIR KRISTMUNDSSON


GLÆSILEGT SJÁVARRÉTTAHLAÐBORÐ


PÉTUR JÖKULL, HALLI SVERRIS, KALLI EMILS OG VIGNIR KRISTJÁNS

*Árleg veisla í Hlégarði • Sjávarréttahlaðborð • Stærsta fjáröflunin*

# HERRAKVÖLD LIONS

Árleg herrakvöldsskemmtun Lionsklúbbs Mosfellsbæjar fór fram í Hlégarði föstudaginn 9. febrúar.

Um er að ræða stærstu fjáröflun klúbbsins með glæsilegu sjávarréttahlaðborði, happdrætti og málverkauppboði. Veislustjóri kvöldsins var Jógvan Hansen og um hlaðborðið sá Vignir Kristjánsson.

Lions er alþjóðlegur félagsskapur sem hefur það að markmiði að hjálpa öðrum og er öll vinna unnin í sjálfboðavinnu. Þess vegna fer hver króna sem kemur inn óskipt til hjálparstarfa, en rekstur hreyfingarinnar er fjármagnaður með félagsgjöldum.

Lionsklúbbur Mosfellsbæjar beinir sjónum sínum að sínu nærumhverfi þangað sem stærstur hluti söfnunarfés rennur.


HARALDUR, ÁSBJÖRN OG PÉTUR


ÞENGILL OG MAGNÚS


HEIMIR OG ÁMUNDI


Andlitsbað
Augnháralengingar
Brúnkuklefi
Brow lift
Fótsnyrting
Göt í eyru
Handsnyrting

Beauty Star

Litun og plokkun
Lash lift
Neglur
Sogæðanudd
Slökunarnudd
Ultratone
Vaxmeðferðir

Opið Mánudaga - Föstudaga frá 9-18
Sunnukriki 3a

Snyrtivörur frá þýska merkinu Artdeco
Mikið úrval af gjafavöru
Minnum á gjafakortin
Finnur okkur á Noona og Instagram

Beautystarsnyrtistofa

https://noona.is/beautystar



Íslensku mennta-
verðlaunin 2023

FMOS
Framhaldsskólinn
í Mosfellsbæ

# Opið hús

FYRIR GRUNNSKÓLANEMENDUR OG FORELDRA/FORRÁÐAMENN ÞEIRRA

## Þriðjudaginn 12. mars

Kennarar og nemendur verða á staðnum og hægt verður að fá upplýsingar um kennsluhætti, skipulag námsins, brautir, skólaandann og fleira.



**Brautir sem eru í boði:**

- Félags- og hugvísindabraut
- Náttúruvísindabraut
- Opin stúdentsbraut
  - Almennt kjörsvið
  - Hestakjörsvið
  - Íþrótta- og lýðheilsukjörsvið











**www.fmos.is**

# Aðalfundur Hollvinasamtaka Reykjalundar á laugardaginn



Hollvinasamtök Reykjalundar eru samtök fólks sem þykir vænt um Reykjalund og er tilbúið til að leggja sitt af mörkum til að efla starfsemina og styrkja frekari uppbyggingu hennar.

Margir eiga Reykjalundi líf sitt að þakka, eða eiga vini og ættingja sem hafa komist aftur út í lífið sem virkir þátttakendur eftir dvöl á Reykjalundi.

Aðalfundur Hollvinasamtaka Reykjalundar verður haldinn í hátíðarsal Reykjalundar á laugardaginn, 9. mars, kl. 14:00.

Á dagskrá verða auk venjulegra aðalfundarstafa stutt fræðsluerindi um stöðu húsnæðismála Reykjalundar og framtíðarsýn starfseminnar en eins og kunnugt er hafa þessi mál verið mikið í deiglunni undanfarið. Bryndís Haraldsdóttir sem verið hefur formaður Hollvinasamtakanna síðustu ár gefur ekki kost á sér til endurkjörs svo ljóst er að nýr formaður tekur við keflinu. Eitt framboð hefur þegar borist.

Hollvinir eru hvattir til að mæta og nýir félagar velkomnir. Nánari upplýsingar um Hollvinasamtökin má finna á vefsíðu samtakanna: www.reykjalundur.is/um-reykjalund/hollvinasamtok













# Sumarstörf hjá Mosfellsbæ 2024

## Mosfellsbær auglýsir sumarstörf fyrir ungt fólk í Mosfellsbæ

**Opnað verður fyrir umsóknir 12. febrúar.**

- Flokksstjóri í Vinnuskóla Mosfellsbæjar *(lágmarksaldur 20 ára á árinu)*
- Almenn sumarstörf *(17- 18 ára)*
- Almenn sumarstörf fyrir ungt fólk / með stuðning *(16-20 ára)*
- Flokksstjóri í garðyrkjudeild *(lágmarksaldur 20 ára árinu)*
- Almenn störf í garðyrkjudeild *(lágmarksaldur 17 ára á árinu)*
- Slátturhópur garðyrkjudeild *(lágmarsaldur 18 ára )*
- Þjónustustörf og sundlaugargæsla *íþróttamiðstöðvum* *(lágmarksaldur 18 ára á árinu)*
- Aðstoð við fötluð börn og ungmenni *(lágmarksaldur 18 ára á árinu)*

Nánari upplýsingar um störf, starfsheiti, starfssvið, hæfniskröfur, laun og vinnutímabil er að finna á heimasíðunni www.mos.is.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Mosfellsbæjar og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

**Umsóknarfrestur um öll störf er til og með 13. mars 2024.**

Vinsamlegast athugið að ekki verður tekið við umsóknum sem að berast eftir þann tíma.

Mosfellsbær www.mos.is 525 6700

# BANKINN
BISTRO

## Hádegishlaðborð
Alla virka daga frá 11:30 til 13:30



**Bankinn Bistro, Þverholti 1**
**S: 787-7000 - bankinnbistro.is**

**BankinnBistro**



Konukvöld
8. mars
kl. 19:30
Sigga Kling
sér til þess að allir séu í stuði
og DJ Gassi heldur uppi stemmingunni
Bleikt þema verðlaun fyrir besta dressið
Fordrykkur og léttar veitingar í boði
Blush mætir með Blush tré
og Lukkuhjól
Miðaverð: 4.900 kr
Páskabingo
27. mars kl. 21:00
Boltinn í beinni og píluspjald
Frábær tilboð
á meðan leik stendur







*Listasalur Mosfellsbæjar*

## Við sjóinn

Þann 10. febrúar opnuðu Giita Hammond og Lara Roje sýninguna Við sjóinn í Listasal Mosfellsbæjar. Margir lögðu leið sína til að skoða þessa einstöku samsýningu á annars vegar ljósmyndum sem teknar eru á Vestfjörðum, og hins vegar skúlptúrum úr gleri, beinum og járni.

Listakonurnar eiga það sameiginlegt að heillast af því sem finnst við sjávarmálið og er það samnefnarinn í þeirra verkum. Sýningin stendur til og með 9. mars.

# Sögustund

## í Bókasafni Mosfellsbæjar

**Miðvikudaginn 13. mars kl. 16:45**




Nú hitum við upp fyrir heimsókn Línu langsokks í bæjarleikhúsið og lesum nokkrar óborganlegar sögur um þessa uppátækjasömu stelpu. Höfundur bókarinnar er Astrid Lindgren og myndskreytingar eru í höndum Ingrid Vang Nyman.

Tommi og Anna trúa varla sínum eigin augum þegar þau sjá Línu langsokk þramma heim að Sjónarhóli í fyrsta sinn. Þau héldu að litlar stelpur gætu ekki haldið á alvöru hestum – en Lína getur það, enda sterkasta stelpa í heimi. Nú hefst sko fjörið!

**Öll velkomin!**





# PÁSKAFJÖR

## Í BÓKASAFNI MOSFELLSBÆJAR

### PÁSKAPERL - 25. MARS KL. 12-14

Við gefum ímyndunaraflinu lausan tauminn í fjölnotasal safnsins og perlum ævintýralegt páskaskraut. Í boði verður að útbúa ísskápasegla úr páskaperlinu.

### PÁSKAHÉRALEIT - 26. MARS KL. 12-18

Hópur af ærslafullum páskahérum hefur falið sig í hinum ýmsu krókum og kimum bókasafnsins. Ef þú finnur þá alla færðu lítið páskaegg að launum. Eitt egg á mann á meðan birgðir endast.

### PÁSKAFÖNDUR - PÁSKAVIKAN

Í vikunni fram að páskum ætlum við að gefa gömlum bókum nýtt líf og föndra páskaskraut. Efniviður og aðstaða verður til staðar í barnadeild safnsins.







# HUNDAR SEM HLUSTA

## Í BÓKASAFNI MOSFELLSBÆJAR

**LAUGARDAGINN 23. MARS 2024**

**Bókasafnið býður börnum að koma í safnið og lesa sér til ánægju fyrir sérþjálfaða hunda. Tveir hundar verða á staðnum og komast sex börn að.**

**Vinsamlegast athugið að panta þarf tíma. Óskir um tíma skal senda á evadogg@mos.is. Tímar sem eru í boði: 12:30, 12:50 og 13:10.**

**Gott er að barnið hafi valið sér texta að lesa áður en lestarstundin hefst.**




GRÓÐURHULA
Þórunn Bára Björnsdóttir
16. MARS - 12. APRÍL 2024
Listasalur Mosfellsbæjar


ÚLFASTUNDIR
Fimmtudaga 7. mars til 2. maí milli kl. 17 - 19
(8 skipti)
psss... ég er úlfur í REBBA gæru...
GLÆNÝTT fjölskyldustarf
safnaðarheimili Lágfellssóknar, Þverholti 3
Opið safnaðarheimili, sunnudagaskóli & foreldramorgnar fyrir barnafjölskyldur
Lagt verður upp með afslappaðri stemningu í bland við fræðslu, söng, leikjum fyrir bæði börn & fullorðna
Matur í boði í lok stundar svo að enginn þarf að elda þegar heim er komið!
Dagskrá & skráning í mat hér
lagafellskirkja.is


HINN EINI SANNI
HAGASMÁRI (BÍLALÚGA)
BÍLDSHÖFÐA (BÍLALÚGA)
SMÁRALIND
BÚSTAÐARVEGUR
Hlöllabátar
síðan 1986

# Ferðalagið tók fjögur ár

**Ýmsar meðferðir flokkast undir tæknifrjóvgun og margvíslegar ástæður geta legið að baki þess að fólk fari í slíkar meðferðir. Þetta er t.d. kjörmeðferð fyrir einhleypar konur sem vilja eignast börn og hefur árangur af slíkum meðferðum verið góður.**

**Hanna Björk Halldórsdóttir er ein þeirra sem hefur kosið að fara slíka leið en hún eignaðist tvíbura í júlí sl. Hanna ákvað að leita sér aðstoðar erlendis og segist ánægð með þá þjónustu sem hún fékk í Grikklandi, þar var á hana hlustað og henni gefin ráð.**



Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is



Hanna Björk fæddist í Reykjavík 9. mars 1985. Foreldrar hennar eru Valgerður Hermannsdóttir hjúkrunarfræðingur og Halldór Bárðarson smiður.

Hanna Björk á tvo bræður, Sverri Einar f. 1971 og Hall Þór f. 1981.

### Þetta voru ævintýralöndin okkar

„Ég er alin upp í Mosfellsbæ og elskaði að alast upp hérna, myndi hvergi annars staðar vilja ala upp mín börn.

Það voru forréttindi að alast upp í næstu götu við ömmu og við vinkonurnar nýttum okkur það gjarnan að fara til hennar og fá heitt kakó og skúffuköku. Klettarnir í bakgarðinum hjá henni á Helgastöðum, Álafosskvosin og skógurinn í Brekkulandi voru helstu ævintýralöndin okkar.“

### Við kunnum engar reglur

„Maður var alltaf úti að leika sér með krökkunum úr Holtunum. Við bjuggum til hafnaboltavöll á grasblettinum á horninu á Markholti og Skeiðholti. Við spiluðum en raunin var sú að við kunnum engar reglur nema kasta bolta, slá með kylfu og hlaupa,“ segir Hanna og hlær. „Pæjumótin voru líka stór hluti af sumartímanum og voru í raun það sem maður hlakkaði mest til.

Ég gekk í Varmárskóla og Gagnfræðaskóla Mosfellsbæjar, ég var mikil strákastelpa og var í fótbolta í öllum frímínútum. Árgangurinn minn var örugglega vel hress fyrir kennara og stjórnendur skólans. Ég held að ég hafi nú ekki verið sú sem hafi verið til vandræða endilega en átti það til að koma vinum mínum í vandræði, svona þegar prakkarinn kom upp í mér,“ segir Hanna Björk og brosir.

„Á sumrin starfaði ég á Reykjalundi og svo æfði ég fótbolta og frjálsar íþróttir, maður nýtti hverja lausa stund til að spila. Ég ferðaðist mikið um landið með fjölskyldu minni en ferðalögin voru oft farin vegna fótboltamóta hjá mér.“

### Bauðst að fara til Miami

„Ég gekk í Menntaskólann í Reykjavík og við vorum tvær úr Mosó sem lentum saman í bekk. Okkur leist ekki vel á þetta frá fyrsta degi. Einn daginn fórum við saman í Menntaskólann við Sund til að sækja bók hjá vinkonu okkar en enduðum á að skrá okkur í skólann.

Ég átti fjögur frábær ár í MS og eignaðist þar mína bestu vini. Eftir útskrift prófaði ég alls konar, fór í HÍ en endaði svo á Flórída í einkaþjálfaranámi. Ég starfaði við þjálfun í Baðhúsi Lindu P í nokkur ár en bauðst svo að fara til Miami í Florida Memorial University og spila knattspyrnu fyrir nýtt háskólalið, þar var ég í tvö ár.“

### Ein besta hugmynd sem ég hef fengið

„Eftir heimkomu frá Miami fór ég í Háskólann í Reykjavík í íþróttafræði. Það er án efa ein sú besta hugmynd sem ég hef fengið. Sumarið eftir útskrift þá gekk ég inn á ferðaskrifstofuna Kilroy og sagði ráðgjafa þar að mig langaði í meistaranám um haustið. Ég vildi fara þar sem væri hlýtt og töluð enska, ráðgjafinn benti mér á Hawaii Pacific University. Þangað fór ég og sótti nám í breytingastjórnun sem er ansi skemmtileg blanda með íþróttafræðinni.“



*Stórfjölskyldan í maí 2023. Efri röð frá vinstri: Ásta Þöll, Hallur Þór, Hanna Björk, Halldór, Valgerður, Halldór Máni, Valgerður Lilja, Sverrir Einar, Perla Sól og Þórarinn Freyr. Neðri röð: Orri Hrafn, Eygló Ösp, Hilmar Gylfi og Aron Breki.*

### Menning hefur alltaf heillað

„Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á íþróttum en er að mestu leyti hætt að sprikla sjálf. Ég hef samt sett mér það markmið að fara á íþróttaviðburði í hverju landi sem ég fer til og það markmið hefur leitt mig á ýmsa skemmtilega viðburði.

Menning hefur alltaf heillað mig líka, að sjá hvernig fólk lifir. Lífið á Hawaii t.d. sýndi mér fjölbreytileika á allt öðrum stað en við þekkjum hérna heima, ég fann mig vel í því umhverfi og naut þess að læra.“

### Ákvað að leita mér aðstoðar

Hanna Björk er sjálfstæð móðir tvíbura sem fæddust 6. júlí 2023 eftir mikið ævintýri í Grikklandi. Eftir 32 vikna meðgöngu fæddust Baltasar Bjarkan og Sunneva Kristín.

> ***Almennt séð hef ég gaman af lífinu og að vera í góðum félagsskap en nú fer tíminn minn mest í börnin mín og það er bara yndislegt.***

„Almennt séð hef ég gaman af að vera í góðum félagsskap en nú fer tíminn minn mest í börnin mín og það er bara yndislegt,“ segir Hanna Björk og brosir.

„Ég hóf mitt tæknifrjóvgunarferli 2019 og þetta ferðalag varði í fjögur ár. Ég fór í viðtal hjá Livio hér á Íslandi en var aldrei fyllilega ánægð þótt margir hafi fengið þar góða þjónustu, mér fannst viðtalið þurrt, stutt og ekki hlustað á mínar áhyggjur eða pælingar. Ég ákvað samt að gefa þeim tækifæri sem er kannski mín stærsta eftirsjá.

Fyrsta tæknisæðingin fór fram í júlí 2020, fór í fjögur skipti hér heima sem gengu ekki svo ég ákvað þá að leita mér aðstoðar erlendis. Ég hafði heyrt gott af Serum IVF Clinic í Grikklandi, fékk símaviðtal við kraftaverkakonuna Penny sem bauð mér að koma í rannsókn.

Eftir þær rannsóknir voru allar mínar áhyggjur, sem ég hafði rætt hér heima, staðfestar.“

### Óendanlega þakklát

„Ég fór í fimm ferðir til Grikklands, þrjár meðferðir og allt gekk upp í þeirri þriðju sem jafnframt var fyrsta glasameðferðin og til urðu tveir fullkomnir einstaklingar.

Meðferð sem þessi er dýr og það voru margir sem höfðu á orði að þeir vildu styrkja mig í þessu ferli. Eftir miklar vangaveltur fór ég út í fjáröflun og seldi hinar ýmsu vörur. Ég náði að safna langleiðina upp í fulla meðferð, eina aðgerð, tvær flugferðir og hótelkostnað. Þetta var mikil vinna og oft á tíðum yfirþyrmandi, pabbi og vinkona mín tóku að sér að keyra út vörurnar í öllum veðrum.

Ég verð óendanlega þakklát öllum þeim sem létu fé af hendi rakna, það er ekki hægt að lýsa því með orðum hvernig það var að finna fyrir öllum þessum stuðningi.“

### Starfið er margþætt

Hanna Björk hefur starfað við dagvistun, þjálfun og þjónustustörf í gegnum tíðina en árið 2017 var hún ráðin íþróttafulltrúi Aftureldingar. Hanna þekkir félagið og alla aðstöðu vel í gegnum sinn íþróttaferil frá unga aldri.

„Það eru mikil forréttindi að fá að starfa hjá uppeldisfélaginu og ég er ákaflega þakklát fyrir það tækifæri. Ég stýri íþróttamálunum og starfið er margþætt. Við viljum alltaf gera betur þegar kemur að þjálfun iðkenda og ekki síst í fræðslu fyrir þjálfara félagsins, starf mitt er liður í þeirri uppbyggingu,“ segir Hanna Björk og brosir er við kveðjumst.

## HIN HLIÐIN

**Fallegasti staður á Íslandi?** Varmárvöllur.
**Hvaða litur lýsir þér best?** Fjólublár.
**Uppáhaldssundlaug?** Varmárlaug.
**Hvar sérðu þig eftir 10 ár?** Í Mosó með fjölskyldunni minni.
**Best á grillið?** Pizza.
**Eftirlætisbókin?** Veran í moldinni eftir Láru Kristínu.
**Draumaborgin?** Lanikai, Hawaii.
**Sturta eða bað?** Sturta.



MEÐ TVÍBURABÖRNUNUM UM ÁRAMÓTIN



Á JÓLUNUM 1985



ÚTSKRIFT Á HAWAII

*Myndir: Ruth Örnólfsdóttir, Ásta Guðrún Óskarsdóttir og úr einkasafni.*


Leikfélag Mosfellssveitar
LÍNA LANGSOKKUR
Miðasala á tix.is
Sýningar í Bæjarleikhúsinu
Nánari upplýsingar á
facebook síðu leikfélagsins
facebook.com/leikmos


Bjarkarholt 17-19
270 Mosfellsbær
Nýtt glæsilegt
fjölbýlishús á 5 hæðum
OPIN HÚS Á NÆSTUNNI
Hafðu samband við sölumenn okkar
Jason
Löggiltur fasteignasali
775 1515
jko@miklaborg.is
Jón Rafn
Löggiltur fasteignasali
695 5520
jon@miklaborg.is
Óskar S.
Löggiltur fasteignasali
691 2312
osa@miklaborg.is
FASTEIGNASALAN
MIKLABORG
Með þér alla leið
Nánari upplýsingar
58 íbúðir 2-4 herbergja
Verð frá 45 milljónir
Innréttingar frá Parka
62 bílastæði



## Heimamenn semja og Oliver áfram

Markvörðurinn efnilegi Arnar Daði Jóhannesson skrifaði á dögunum undir þriggja ára samning við Aftureldingu. Arnar hefur verið fastamaður í U17 og U19 ára landsliði Íslands undanfarin ár auk þess að spila sína fyrstu leiki með meistaraflokki í fótboltanum. Hann hefur nú gert nýjan samning fyrir átökin í sumar. Oliver Jensen og Valgeir Árni Svansson hafa einnig samið við Aftureldingu að undanförnu. Oliver er danskur miðjumaður sem var í algjöru lykilhlutverki í fyrra þegar Afturelding var hársbreidd frá því að komast upp í Bestu deildina. Valgeir er uppalinn hjá Aftureldingu en hann er mættur á heimaslóðir á ný eftir dvöl hjá Leikni. Allir þessir leikmenn verða í eldlínunni á laugardag þegar Afturelding mætir Dalvík/Reyni á Malbikstöðinni að Varmá klukkan 15:00 í síðasta leiknum í Lengjubikarnum. Undirbúningur er á fullu fyrir sumarið en eftir rúma viku fer Afturelding í æfingaferð til Montecastillo á Spáni.




## Blakdeildin og Ölgerðin í samstarf

Blakdeild Aftureldingar og Ölgerðin hafa skrifað undir samstarfssamning og prýðir auglýsing Gevalia nú blakvöllinn í íþróttamiðstöðinni að Varmá. Blakdeildin er ákaflega þakklát og spennt fyrir þessu samstarfi. Myndin hér að ofan er af Gunnu Stínu formanni blakdeildarinnar og Valdísi Maríu Einarsdóttur fyrir hönd Ölgerðarinnar.

MOSFELLINGUR
KEMUR NÆST ÚT 11. APRÍL
mosfellingur@mosfellingur.is




FIMMTI BIKARMEISTARATITILL STELPNANNA

*Hnífjafn bikarúrslitaleikur við KA • Kærkomið • Thelma Dögg valin leikmaður mótsins*

# BIKARMEISTARAR Í BLAKI

Stelpurnar okkar í Blakdeild Aftureldingar fóru alla leið í úrslitaleikinn í Kjörísbikarnum í blaki en spilað var helgina 15-17. febrúar. Þær unnu Blakfélag Hafnarfjarðar í undanúrslitaleiknum og KA vann lið HK í hinum undanúrslitaleiknum.

Afturelding mætti því Íslands-og bikarmeisturum KA síðustu 2ja ára og ljóst var að þetta yrði rosalegur leikur því þessi tvö lið voru jöfn og efst í deildinni.

Afturelding sigraði leikinn 3-0. Þær tölur segja þó ekki allt því það var barist um alla bolta og Afturelding sýndi frábæran karakter með því að vinna fyrstu tvær hrinurnar eftir að hafa lent undir og virtist sem KA væri með unnar hrinur.

Thelma Dögg Grétarsdóttir var valin leikmaður mótsins en hún skoraði 31 stig í leiknum og er það hreint ótrúlegur árangur og hefur það ekki sést í kvennablaki



BIKARINN HEIM

á Íslandi áður. Þetta var glæsilegur sigur heildarinnar hjá liðinu og var haldið upp á tímamótin með mat í Hlégarði, með veitingum frá Kjötbúð Geira um kvöldið.

Afturelding vann síðast Bikarmeistaratitilinn 2017 og þá bæði karla- og kvennamegin svo það var sannarlega kærkomið að fá bikarinn heim í Mosfellsbæ aftur.

# Borðtennisfélagið á réttri braut

Borðtennisfélag Mosfellsbæjar hefur verið að gera góða hluti þrátt fyrir að vera lítið félag og sennilega það yngsta í Mosfellsbæ.

BM hefur verið með lið á Íslandsmótinu og keppt við lið frá KR(tvö lið), HK, BR og Víkingi sem voru með þeim í riðli.

Það fór þannig að BM var eina liðið í 3. deild sem fór taplaust í gegnum riðilinn.

Þetta þýðir að lið BM er komið í undanúrslit ásamt BR-C sem voru með þeim í riðli og gegn liðum BH-C og KR-D sem lentu í 1 og 2 sæti í 3 deild, A-riðli.

Þann 6. apríl fara undanúrslitin fram í húsakynnum BH í Strandgötu í Hafnarfirði.



MAGNEA, HALLDÓRA, MATTIA OG MICHAL SPILA ÖLL FYRIR BM

### Nóg að gera fram undan

BM átti einnig fulltrúa á Íslandsmótinu í borðtennis sem fór fram helgina 1.-3. mars. Þar spilaði Halldóra tvíliðaleik með Stellu Karen frá Víkingi en þær tóku bronsið.

16. mars fer svo fram Íslandsmót unglinga á Hvolsvelli og þar mun BM eiga fulltrúa en það er hún Eygló sem er í 8. bekk í Lágafellsskóla sem mun þreyta frumraun sína.

Óhætt að segja að þetta sé gríðarlega sterk byrjun hjá félaginu sem æfir í matsal Lágafellsskóla og er félagið ótrúlega þakklát þeim í Lágafellsskóla fyrir þeirra framlag því án þeirra hefði þetta verið brött brekka.

Það er því nóg fram undan og fyrir þá sem hafa áhuga á borðtennis þá er um að gera að leggja leið sína á þessi mót og styðja við bakið á Mosfellingum. Allar upplýsingar er að finna inni á bordtennis.is.

AFTURELDINGAR VÖRURNAR FÁST HJÁ OKKUR
JAKO
SPORT ÍSLANDI
JAKOSPORT (NAMO EHF) - KRÓKHÁLS 5F - 110 ÁRBÆR
Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is



AÞENA RÁN



JUSTINA

*Taekwondodeild Aftureldingar að gera góða hluti*

# Góður árangur á bikarmóti og Norðurlandamóti

Helgina 13.-14. janúar fór fram bikarmót í Taekwondo. Keppt var bæði í Poomsae (formum) og Sparring (bardaga). Aftureldingu gekk mjög vel og var Justina Kiskeviciute valin kona mótsins í sparring og Aþena Rán Stefánsdóttir valin kona mótsins í poomsae.

Frábær árangur og verður gaman að fylgjast með öllum þessu efnilegu keppendum í framtíðinni.

**233 keppendur á mótinu**

Helgina 27.-28. janúar fór fram Norðurlandamót í Taekwondo samhliða Reykjavíkurleikunum (RIG). Mótið var haldið í Laugardalshöll þar sem 233 keppendur tóku þátt, þar af 166 erlendir keppendur. Á laugardeginum var keppt í sparring (bardaga), þar voru 73 keppendur þar af 5 frá Aftureldingu. Arnar Bragason og Sigurjón Kári Eyjólfsson unnu sýna flokka og urðu Norðurlandameistarar.

Wiktor Sobczynski vann silfur, Hreiðar Ægir Leví Jónsson og Sigurður Máni Guðmundsson unnu brons.

Á sunnudeginum var keppt í formum (poomsae) þar voru 160 keppendur þar af 7 frá Aftureldingu. Þeir Hilmar Birgir Lárusson, Guðni Friðmar Ásmundsson, Patrik Bjarkason og Sigurður Máni Guðmundsson komust á pall í hópapoomsae og fengu silfur.



ARNAR OG SIGURJÓN

# Mosfellingar með landsliðinu

Tveir Mosfellingar hafa staðið sig vel með íslenska U20 landsliðinu í íshokkí.

Þetta eru þeir Haukur Freyr Karvelsson, Nyköping í Svíþjóð og Þórir Aspar Hermansson, Fjölni.

Landsliðið lék í heimsmeistarakeppni IIHF í Serbíu á dögunum og tryggði sér bronsið eftir sigur á Tævan.





# Á verðlaunapall í Lífshlaupinu

Í fyrsta skipti, í ár, tók hópur 67 ára og eldri þátt í Lífshlaupinu. Efnt var til innanbæjarkeppni á milli Varmá og World Class Lágó og var mikill keppnisandi í liðunum.

Þetta árið hafði Heilsa og Hugur betur en World Class liðið bíður spennt eftir keppninni að ári.

Heilsa og Hugur fékk silfurverðlaun í sínum flokki og voru 72 þátttakendur skráðir til leiks. Hópurinn hreyfði sig í alls 91.981 mínútur á meðan Lífshlaupinu stóð

Gleðisprengjurnar í World Class tóku einnig þátt og hrepptu gull og silfurverðlaun í sínum flokki og voru alls 65 skráðir til leiks. Gleðisprengjurnar hreyfðu sig alls 84.831 mínútur.

Þjálfararnir Berta og Halla Karen eru heldur betur stoltar af sínu flotta fólki.


# Páskaopnun sundlauga



## LÁGAFELLSLAUG

- 28. mars **Skírdagur:** kl. 09:00 - 19:00
- 29. mars **Föstudagurinn langi:** kl. 09:00 - 19:00
- 30. mars **Laugardagur:** 09:00 - 19:00
- 31. mars **Páskadagur:** 09:00 – 19:00
- 1. apríl **Annar í páskum:** 09:00 – 19:00
- 25. apríl **Sumardagurinn fyrsti:** 09:00 – 19:00

## VARMÁRLAUG

- 28. mars **Skírdagur:** kl. 09:00 - 17:00
- 29. mars **Föstudagurinn langi:** LOKAÐ
- 30. mars **Laugardagur:** kl. 09:00 - 17:00
- 31. mars **Páskadagur:** LOKAÐ
- 1. apríl **Annar í páskum:** kl. 09:00 - 17:00
- 25. apríl **Sumardagurinn fyrsti:** kl. 09:00 - 17:00

Mosfellsbær www.mos.is 525 6700



Jón B. Guðmundsson fyrir hönd Karla í skúrum og Sóley Ragnarsdóttir framkvæmdastjóri Skálatúns.

*Skálatún semur við Karla í skúrum • Smærri verkefni*

# Karlar í skúrum hafi umsjón með fasteignum á svæðinu

Karlar í skúrum eru með starfsemi sína á Skálatúni. Þar er vettvangur fyrir karla á besta aldri að stunda félagsleg samskipti og sköpun, alls kyns handverk o.þ.h.

Karlar í skúrum, Mosfellsbæ, leigja húsnæði á svæði Skálatúns. Á svæðinu eru fasteignir sem eru ekki í neinni notkun vegna ástands þeirra, þ.e. sundlaugin og annað húsnæði sem nefnist Úthlíð.

Úthlíð er frekar stór bygging við hliðina á Körlum í skúrum og sundlaugin er svo þar við hliðina.

Skálatún, sjálfseignarstofnun í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna er eigandi allra fasteignanna á svæðinu og gerði nýlega samning við Karla í skúrum, Mosfellsbæ, um að hafa umsjón með þessum fasteignum sem eru ekki í notkun gegn lækkun á mánaðarlegri leigu þeirra.

Umsjónin felst í smærri verkefnum, til dæmis að hækka og lækka í ofnum eftir hitastigi úti við, fylgjast með því að ekkert skemmist t.d. í vondum veðrum eða vegna skemmdarverka o.s.frv.



STYRKNUM VEITT VIÐTAKA

*Eldri kylfingar GM gáfu 100.000 kr. til æfingaferðar*

# Ömmu- og afastyrkur

Á dögunum gáfu eldri kylfingar (65 ára og eldri) hjá Golfklúbbi Mosfellsbæjar, barna- og unglingaráði GM 100.000 kr.

Um er að ræða svokallaðan ömmu- og afaferðarstyrk fyrir æfingarferð sem klúbburinn er að fara í 2. apríl til Morgado í Portúgal.

Var þetta afgangur af mótum og öðrum viðburðum sem þau hafa haft á árinu sem ákveðið var að gefa í þetta.

Á myndinni er Hrefna Birgitta (GM 65+) að afhenda Bjarna Brynjólfssyni gjaldkera Barna og Unglingaráðs styrkinn. Með þeim eru Tómas Ingi og Auður Bergrún sem æfa golf hjá GM. Myndin er tekin í æfingaaðstöðu GM í Kletti.





Deiliskipulag við Dalland



Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir landspildu úr Dallandi

Markmið deiliskipulagsins er að heimila nýtt smábýli þar sem heimilt verður að byggja húsnæði og stunda frístundabúskap. Deiliskipulagssvæðið er um 10,5 ha og samkvæmt tillögunni eru sýndir tveir byggingarreitir þar sem heimilt verður að byggja íbúðarhús, hesthús og reið- eða vélaskemmu. Heildarbyggingamagn innan landspildunnar skal ekki vera meira en 1.500 m$^2$.

Hægt er að kynna sér tillöguna á vef Mosfellsbæjar á slóðinni mos.is/skipulagsauglysingar og á vef Skipulagsstofnunnar á slóðinni skipulagsgatt.is

**Athugasemdir skulu berast með rafrænum hætti í gegnum skipulagsgáttina. Athugasemdafrestur er til og með 22. apríl 2024.**

Mosfellsbær www.mos.is 525 6700

# BLIKBISTRO BRUNCH

## BRUNCH DRYKKIR

| | |
|---|---|
| MIMOSA | 1.890kr |
| ESPRESSO MARTINI | 2.590kr |
| FREYÐIVÍNSGLAS | 1.890kr |
| LAGIOSA FREYÐIVÍNS FLASKA | 7.990kr |
| LAGIOSA ROSÉ FREYÐIVÍNS FLASKA | 7.990kr |
| G.H MUMM KAMPAVÍNSFLASKA | 16.690kr |

BOTTOMLESS DRYKKIR
BÆTTU VIÐ BOTTOMLESS BUBBLUM OG BJÓR Í 2 TÍMA Á 3.990KR

## BRUNCH RÉTTIR

**BRUNCH DISKUR** 3.690kr
Eggjahræra, stökkt beikon, pönnukökur, parmaskinka, brie ostur, álegg, ristað brauð og brownie með karamellu

**STÓRI BRUNCH DISKURINN** 4.890kr
Fyrir þá extra svöngu

**BRUNCH BORGARI** 4.290kr
Tvöfaldur hamborgari með beikon, steiktu eggi og tvöföldum osti

**BAKAÐUR BRIE OSTUR** 2.990kr
Borin fram með stökku brauði, apríkósum og pecanhnetum

**BRUNCH PIZZA** 3.990kr
Mozzarella ostur, beikon, beikonsulta, cherry tómatar og stökkur hvítlaukur.

**AVOCADO TOAST** 2.990kr
Grillað brauð, guacamole, parmaskinka, scrambled egg og tómatar

**PÖNNUKÖKUR MEÐ EGG OG BEIKON** 2.990kr
Pönnukökur með eggjahræru og stökku beikoni

## SÆTUR ENDIR

**RISA BELGÍSK VAFFLA** 1.990kr
Með vanilluís, karamellusósu og rjóma

**VOLG EPLAKAKA MEÐ VANILLUÍS** 1.990kr

**PÖNNUKÖKUR MEÐ NUTELLA** 2.490kr
Volgar pönnukökur með nutella og sírópi

**DESERT ÞRISTA HÁLFMÁNI** 2.590kr
Hálfmáni fylltur með þrist og súkkulaði ásamt nutella og kanilsykri

**AÐALFUNDUR**

Hollvinasamtaka Reykjalundar
verður haldinn í hátíðarsal Reykjalundar
**laugardaginn 9. mars 2024, kl. 14:00.**

**DAGSKRÁ**

1. **Venjuleg aðalfundarstörf.**
2. **Stutt fræðsluerindi úr starfsemi Reykjalundar:** Staða húsnæðismála Reykjalundar og framtíðarsýn á starfsemina.

Hollvinir eru hvattir til að mæta
og nýir félagar velkomnir.

Stjórn Hollvinasamtaka Reykjalundar

SKÓLA HORNIÐ

# Lengi býr að fyrstu gerð



Barn lærir móðurmál með því að heyra málið í sínu nánasta umhverfi, þar gegna samskipti barna og fullorðinna lykilhlutverki.

Góð samskipti og samtal er grunnur að góðu málumhverfi. Lestur er mikilvægur í málþroska barna því mörg orð sem koma aðeins fyrir í sögum eru ekki notuð í daglegu tali okkar. Lestur og hlustun gefa því fleiri tækifæri til að læra orð og örva ímyndunarafl barna.



Börn byrja snemma að tileinka sér listina að lesa. Þau sjá myndir sem þau tengja við orð, skrifa tákn sem þau vilja að fullorðinn lesi þrátt fyrir að það séu ekki bókstafir, eða skrifa bókstafi sem þau kunna í eina runu og skemmta sér svo yfir niðurstöðunni. Lestur er lykillinn að námi því hann hefur góð áhrif á orðaforða og síðar lesskilning barna. Það er ástæða þess að mikilvægt er að lesa fyrir börn frá unga aldri og segja má að börn vaxi ekki upp úr því að lesið sé fyrir þau, jafnvel þó þau geti lesið sjálf.

Lestrarstundir eiga að vera skemmtilegar gæðastundir, til þess þarf að muna að ræða um það sem er lesið og spyrja barnið hvað því fannst, að lesturinn sé lifandi og að barnið haldi athyglinni við söguna.

Grunnur að innihaldsríku máli barna er ekki aðeins að það sé talað við þau. Sögur, ljóð, rím og fleira þar sem leikið er með tungumálið með það að leiðarljósi að efla tilfinningu þeirra fyrir málinu og öryggi þeirra í samskiptum hafa mikið að segja í eflingu málsins.

Samskipti gegna lykilhlutverki í málþroska barna. Börn þurfa mikla athygli og margar endurtekningar til þess að ekki verði hnökrar í málþroska þeirra. Samskipti eru ekki aðeins orð sem fara á milli heldur einnig æfing í félagslegum samskiptum.

Höfum það að leiðarljósi að baða börn í orðum allan daginn, alla daga og búum þeim grunn að farsælli framtíð.

*Kristín Edda Guðmundsdóttir*
*Ráðgjafi leik- og grunnskóla*

**FRÆÐSLUSKRIFSTOFA MOSFELLSBÆJAR**







# Það sem þarf að laga



Kæru Mosfellingar, eftir lestur á bæjarblaðinu Mosfellingi sem kom út 8. febrúar, gat ég ekki annað en sett nokkrar línur á blað.

Þar ber fyrst að nefna stýrihóp um uppbyggingu að Varmá og svæðin þar, með mynd af því fólki sem að því ætlar að standa, bæjarfulltrúum.

Næst er það bæjarfulltrúi framsóknar með grein um betri heilsu fyrir bæjarbúa og bendir á íþróttasvæðið og segir, við berum öll ábyrgð, ég er algerlega sammála því að halda á utan um bæjarbúa til að halda heilsu, en það er fleira en íþróttir sem þarf að horfa til, til dæmis menningarstarfsemi. Það eru nokkrir kórar o.fl. með uppákomur, þetta er allt upp á aðra komið með aðstöðu, eins og kór eldri borgara Vorboðar, sem er í samfloti með fjórum kórum frá öðrum bæjarfélögum, og halda kóramót árlega í því bæjarfélagi sem það er í. Vorboðar þurfti að fá inni í öðru bæjarfélagi vegna þess að við höfðum ekki aðstöðu til að halda sameiginlegt kóramót, við verðum á Akranesi núna sem þeir sjá um, og svo er það okkar á næsta ári og hvar þá?

Ég hef oft minnst á þetta við fyrri bæjarfulltrúa og nú síðast á fundi í Hlégarði þar sem bæjarstjóri var, að stækka þurfi þetta hús, þannig að tekið yrði úr hliðinni þannig að salir yrðu sameinaðir. Bæjarstjórinn hafði aldrei heyrt um stækkun, nei svona er þetta við förum bara á Varmársvæðið, eins og t.d. upphituðum sparkvelli við Varmárskóla sem er ágætt líka, nei á sínum tíma þá var farið í að stækka íþróttahúsið og byggja þessa íþróttahöll, sem var gott framtak líka, en það hefði verið hægt að athuga hvað annað hafi þurft að gera á undan.

Úr því ég er komin í gírinn að setja niður á blað nokkrar línur, þá þarf ég aðeins að minnast á Lágafellslaug, það er hvers vegna er ekki hægt að láta þrífa gólfin á kvöldin, í staðin fyrir að loka fyrir og hólfa sturtusvæðin með klórþvotti og þar sem ekki er hægt loka þá þurfa gestir að ganga í þessu, svo er það sóðarnir sem koma með skítuga skó inn í búningsklefa og henda þeim inn í skápana, í stað þess að koma með plastpoka að heiman, eða geyma þá frammi.

Oftar en ekki vantar starfsmann að fylgjast með á þeirri aðstöðu sem þeir hafa, en eru þó alltaf tveir og stundum þrír, þegar börnin eru og veitir ekki af, en þegar þau eru ekki þá finnst mér það vera óþarfi fyrir þá að hanga yfir stelpunum í afgreiðslunni. Oft hefur maður séð þessa munnpúða sem gestur hefur losað sig við á botni heita potts sem er viðbjóður.

*Þorbjörn Eiríksson*


Sigurbjörg
HANDAVINNUBÚÐ
15% afsláttur
af allri innfluttri vöru til og með 14. mars
(gegn framvísun þessarar auglýsingar)
Sigurbjorg.net - Þverholt 5 - 888 1250



Hagsmunasamtök íbúa í Mosfellsbæ

SKOÐUN ÍBÚA Í MOSFELLSBÆ SKIPTIR MÁLI!

- Hefur þú kynnt þér niðurstöður íbúakönnunar í Mosfellsbæ um skipulagsmál?
- Skipulagsmál eiga ekki að vera einkamál bæjarfulltrúa - skoðun íbúa á að skipta þá máli.
- Verða öll græn svæði í Mosfellsbæ byggð í nafni „þéttingu byggðar í anda Reykjavíkur"?
- Skráðu þig í Hagsmunasamtök íbúa í Mosfellsbæ, og segjum okkar skoðun.

Hagsmunasamtök íbúa í Mosfellsbæ


# Skíðaferð Bólsins

**Um helgina 1. til 3. mars hélt Bólið í árlegu skíðaferð sína til Akureyrar!**

Með stolti getum við sagt að 85 unglingar tóku þátt í þessu ævintýri, sem var fullt af gleði og uppbyggilegum stundum.

Ferðin er skipulögð með því markmiði að bjóða unglingunum upp á skemmtilega útivist í Hlíðarfjalli ásamt samverustundum með jafnöldrum og starfsfólki.

Við hjá Bólinu viljum nýta tækifærið og þakka öllum unglingunum fyrir að gera ferðina minnisstæða og hlökkum til að skapa fleiri ógleymanlegar minningar saman!



**TAKK FYRIR FRÁBÆRA FERÐ!**



B. Markan ehf.
Pípulagnir
660 6690
www.bmarkan.is

BH BÍLAVIÐGERÐIR
BÍLHÚSIÐ
www.bilhusid.is
Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.
Smiðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

FHS
HJÁLMAR GUÐMUNDSSON
LÖGGILDUR HÚSASMÍÐAMEISTARI
S:6959922
FHSVERK@GMAIL.COM


REYNSLA – ÁRÆÐNI – VANDVIRKNI –
KRAFTUR – ÞOR – ENDING
örugg og vönduð vinnubrögð
SteinTeppi.is
Gólfefna lausnir
fyrir heimili
og fyrirtæki
Leirvogstunga 27, 270 Mosfellsbæ, sími: 864 6600

AFLTAK EHF.
S: 660 0770 - www.afltak.is

FÓTAAÐGERÐASTOFA
MOSFELLSBÆJAR
Þverholti 3 - Sími: 566-6612


# Brúarland, félags- og tómstundahús




Fulltrúar D-lista í bæjarráði lögðu fram tillögu á fundi bæjarráðs þann 19. október sl. um að félagsstarf eldri borgara fái afnot af Brúarlandi fyrir starfsemi sína.

Tillögunni var vísað á fundi bæjarráðs til velferðarsviðs og á fundi bæjarráðs þann 29. febrúar var tillagan samþykkt og mun félagsstarf eldri borgara flytja í Brúarland þegar framkvæmdum við húsnæðið verður lokið.

### Félags- og tómstundstarf eldri borgara

Í Mosfellsbæ er rekið öflugt félagsstarf fyrir eldri borgara. Íbúar Mosfellsbæjar 67 ára og eldri eru um 1.400. Félagsstarf eldri borgar í Mosfellsbæ er opið öllum sem náð hafa 60 ára aldri og er fjöldi íbúa 60 ára og eldri í Mosfellsbæ um 2.400. Þátttakendum í félagsstarfi fjölgar stöðugt og er núverandi húsnæði á Eirhömrum orðið of lítið fyrir starfsemina.

Með flutningi félagsstarfsins í Brúarland opnast tækifæri til að efla enn frekar starfið og auka fjölbreytni, auk þess sem hægt verður að þjóna betur ört stækkandi hóp eldri borgara sem vilja taka þátt í starfinu.

### Hentugt og vel staðsett húsnæði fyrir félags- og tómstundastarfsemi

Undanfarna mánuði hefur verið haldið úti félagsstarfi í Hlégarði á þriðjudögum. Sú breyting hefur tekist mjög vel og mun vonandi halda áfram því félagsstarf í Brúarlandi og í Hlégarði mun styðja hvort við annað.

Staðsetning Brúarlands er afar heppileg fyrir þessa starfsemi, húsið er í nálægð við gönguleiðir í Ævintýragarðinum, við íþróttasvæðið að Varmá og við Hlégarð, ásamt því að bílastæði eru ekki af skorunum skammti þar líkt og hefur verið vandamál við Eirhamra.

Það kom einnig fram í okkar tillögum um nýtingu Brúarlands að mikilvægt væri að horfa til þess að nýta húsnæðið í þágu íbúa bæjarins á öllum aldri með einhvers konar blandaðri starfsemi. Það er kjörið tækifæri í að leigja hluta hússins út á kvöldin og um helgar í margvíslega félags- og tómstundastarfsemi, á þeim tímum sem félagsstarf eldri borgara er ekki í gangi.

Það er einnig mikilvægt að huga vel að þjónustu við þá eldri íbúa sem heilsu sinnar vegna ættu erfitt með að sækja starfið utan Eirhamra, að félagsstarf væri áfram í boði fyrir þann hóp á Eirhömrum.

### Áhersla á málefni eldri borgara

Fulltrúar D-lista í bæjarstjórn hafa undanfarin ár lagt mikla áherslu á það mikilvægi sem lýðheilsa og aðgangur að öflugu félagsstarfi sé í boði í Mosfellsbæ og við munum halda áfram þeirri vinnu okkar í nefndum og í bæjarstjórn.

Við áttum frumkvæði og stóðum að því á síðasta kjörtímabili í samstarfi við VG að stórefla framboð og fjölbreytni í skipulögðum leikfimitímum fyrir eldri borgara sem hafa heldur betur notið vinsælda og við stóðum fyrir stofnun Karla í skúrum sem er mikilvægur og stækkandi félagsskapur.

Einnig komum við í framkvæmd könnun um þarfir og líðan eldri borgara þar sem fram hafa komið góðar ábendingar um hvað mætti betur fara í málefnum eldri borgara og unnið hefur verið í þeim málum undanfarin misseri.

Það er sérstaklega ánægjulegt að tillaga okkar um færslu félagsstarfsins í Brúarland skuli hafa verið samþykkt og hvetjum við eldri borgara sem nú þegar eru ekki að taka þátt í starfinu að skoða vel hvað er í boði, því allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Við hlökkum til að sjá Brúarland sem tómstundahús allra Mosfellinga.

*Ásgeir Sveinsson bæjarfulltrúi, oddviti D-lista*
*Svala Árnadóttir fulltrúi D-lista í Öldungaráði*

# Mosfellsk menning




Menningarlíf Mosfellsbæjar hefur svo sannarlega verið á hraðri uppleið undanfarna mánuði. Það eru margir þættir sem eiga þar hlut að máli. Óhætt er þó að segja að hugsjón og áhugi Mosfellinga ber þar hæst.

Með tilkomu nýs fyrirkomulags á rekstri Hlégarðs hefur komið í ljós hvað tækifærin til að efla menningu í Mosfellsbæ eru mikil og fjölþætt. Á núverandi kjörtímabili hefur mikil vinna farið í það að skapa fjölbreyttan vettvang til menningariðkunar og er þeirri vinnu aldeilis ekki lokið.

### Menning í mars

En nú er marsmánuður genginn í garð og verkefnið okkar „Menning í mars“ þar með hafið.

Það er einlæg von okkar að þetta frábæra framtak muni ýta undir og styrkja menningarlíf Mosfellsbæjar til komandi framtíðar sem og veita listiðkendum tækifæri á því að kynnast öðru áhugafólki um listir og styrkja þar með menningarsamfélagið okkar enn frekar.

### Framtíð mosfellskrar menningar

Þá er mikil vinna fram undan hjá okkur í menningar- og lýðræðisnefnd Mosfellsbæjar sem snýr að því að efla menningarlíf bæjarins og verður spennandi að sjá hvernig fram vindur.

Eitt þeirra verkefna er að móta framtíð Hlégarðs. Sú vinna felur í sér áframhaldandi samræður við bæjarbúa þar sem þeim gefst kostur á því að viðra sínar hugmyndir og sýn á starfið í Hlégarði. Þannig mótum við framtíð mosfellskrar menningar saman.

*Franklín Ernir Kristjánsson, fulltrúi D-lista í menningar- og lýðræðisnefnd*
*Helga Möller, fulltrúi D-lista í menningar- og lýðræðisnefnd*




Kjötbúðin Sunnukrika 3
HELGAR-
TILBOÐ
HREINT KJÖT
100% GÆÐI
ENGIN VIÐBÆTT AUKAEFNI
UNGNAUTALUNDIR
Í TRUFFLUMARINERINGU
9.438 KR/KG
TRIPPAFILE
4.798 KR/KG
RJÓMALÖGUÐ PIPARSÓSA
478 KR/STK
FRÖNSK BLAUT SÚKKULAÐIKAKA
20% AFSLÁTTUR
KJÖTBÚÐIN
www.kjotbudin.is


Við stækkum
fermingargjöfina
Fermingarbörn fá allt að 12.000 króna
mótframlag þegar þau spara fermingar-
peninginn hjá okkur.
Við erum betri saman

## HEILSUMOLAR GAUA



### ÍÞRÓTTA- OG HEILSUBÆR ÍSLANDS

Ég hef nýhafið störf sem íþrótta- og lýðheilsufulltrúi Mosfellsbæjar. Starfið byggir á grunni sem ljúfmennið Sigurður Guðmundsson reisti, en starfslýsingin er á ýmsan hátt ólík hans. Ég er mjög spenntur fyrir þeim fjölmörgu verkefnum sem fram undan eru, er afar þakklátur fyrir traustið og ætla að gera mitt allra besta til að standa undir því.

Það er mikill áhugi á íþróttum og hreyfingu í bæjarfélaginu og margt í boði fyrir bæjarbúa á öllum aldri á því sviði. En við ætlum að gera enn betur. Mosfellsbær og Afturelding eru til dæmis að vinna þarfagreiningu fyrir nýja þjónustu- og aðkomubygginguna við íþróttamiðstöðina að Varmá. Fjölmargir kynningarfundir hafa verið haldnir og viðtöl tekin við á þriðja tug hagaðila. Að auki er nú opin rafræn könnun á vegum Mosfellsbæjar þannig að allir bæjarbúar geta komið skoðunum sínum og hugmyndum varðandi bygginguna á framfæri.

Ég hef undanfarna daga mikið hugsað um eitt af bláu svæðunum (Blue Zones) í heiminum og borið það saman við okkur í Mosfellsbæ. Loma Linda (fallega hæðin) er rúmlega 20 þúsund manna bæjarfélag í Kaliforníu. Við fjölskyldan dvöldum í þar í mánuð þegar við ferðuðumst um bláu svæðin fyrir akkúrat fimm árum að kynna okkur og læra um samspil langlífis og góðrar heilsu.

Það sem stuðlar fyrst og fremst, að mínu mati, að áberandi góðri heilsu íbúa Loma Linda er hugarfarið. Íbúar eru mjög meðvitaðir að búa í heilsubæ og nota það sem hvatningu til að stunda heilsusamlegt líferni. Ég sé Mosfellsbæ fyrir mér sem íþrótta- og heilsubæ Íslands. Við höfum allt sem til þarf – umhverfið, grunnaðstöðuna og það sem mikilvægast er, drífandi og jákvætt fólk sem vill vinna saman að sameiginlegum markmiðum. Hugarfarið er mikilvægast. Hugsum og tölum jákvætt, það hvetur okkur mest til dáða.



Guðjón Svansson
gudjon@kettlebells.is

# Íbúakönnun vegna nýrrar þjónustu- og aðkomubyggingar að Varmá



Íþróttasvæðið okkar að Varmá er mjög dýrmætt og mikilvægt að um það gildi skýr framtíðarsýn.

Því var ákveðið að mynda stýrihóp sem hefði það hlutverk að endurskoða framtíðarsýnina fyrir svæðið, kortleggja íþróttasvæðið að Varmá með tilliti til skipulegra þátta og þarfagreiningar vegna uppbyggingar til næstu 15 ára með áherslu á að styrkja íþróttastarf, bæta útivistaraðstöðu nemenda í aðliggjandi skólum og almennt auka gæði svæðisins fyrir íbúa Mosfellsbæjar.

Þeir sem eru í stýrihópnum eru kjörnir fulltrúar, tveir frá meirihluta og einn frá minnihluta, embættismenn og fulltrúi Aftureldingar ásamt bæjarstjóra.

Fyrsta verkefni stýrihópsins er að vinna að þarfagreiningu fyrir nýja þjónustu- og aðkomubygginguna við íþróttamiðstöðina að Varmá.

Nýrri byggingu er ætlað að verða miðpunktur íþróttamiðstöðvarinnar þar sem veitt er ýmiss konar þjónusta með fjölbreyttri aðstöðu fyrir iðkendur, starfsfólk, nemendur og gesti. Mikilvægur liður í þeirri vinnu er könnun meðal hagaðila og íbúa. Könnunin hefur þegar verið send á ýmsa hagaðila svo sem iðkendur og forsjáraðila, starfsfólk Mosfellsbæjar sem vinnur á eða tengt íþróttasvæðinu að Varmá, starfsfólk íþróttafélaganna, þjálfara og sjálfboðaliða. Könnunin er einnig opin öllum íbúum, því að sjálfsögðu viljum við heyra raddir sem flestra íbúa og hvetjum því öll til þátttöku í henni.

### Könnunin er framkvæmd fyrir stýrihópinn um endurskoðun á framtíðarsýn

Verkefninu í heild er skipt upp í þrjá áfanga og má þar fyrst nefna fyrrnefnda endurskoðun á þarfagreiningu fyrir þjónustu- og aðkomubygginguna. Þá er það vinna við heildarskipulag Varmársvæðisins með hliðsjón af uppbyggingarþörf íþróttastarfs og annarri uppbyggingu. Að lokum er það framkvæmd kostnaðarmats valkosta með tilliti til uppbyggingar svæðisins og fjármögnunar íþróttamannvirkja.

Könnunin er hluti af fyrsta verkþætti verkefnisins sem er gert ráð fyrir að verði lokið í apríl næstkomandi, en tímalína verkefnisins í heild nær fram í september 2024.

### Hvetjum öll til þátttöku

Könnunin sem er opin öllum á vef Mosfellsbæjar til og með 15. mars 2024 er nafnlaus og svör ekki rekjanleg til einstakra þátttakenda. Það er mikilvægt fyrir stýrihópinn að heyra raddir allra íbúa í tengslum við þessa greiningarvinnu og því hvetjum við öll til að taka þátt í könnuninni og vera hluti af því að móta framtíðarsýn fyrir íþróttasvæðið að Varmá.

Ég vil hrósa starfsfólkinu okkar hjá Mosfellsbæ sem heldur utan um þessa góðu og vönduðu vinnu sem jafnframt er unnin hratt og skipulega. Þetta er með skemmtilegri verkefnum sem ég hef komið nálægt og ég hlakka til að sjá niðurstöður könnunarinnar.

Ég hef miklar væntingar til þessarar vinnu og vil segja við þig: Mundu að þitt álit skiptir máli því þjónustu- og aðkomubygging skiptir fólk á öllum aldri máli þar sem flestir tengjast henni á einn eða annan hátt.

*Halla Karen Kristjánsdóttir*
*formaður bæjarráðs og formaður stýrihóps um uppbyggingu á Varmársvæðinu*

# Fjölgun stöðugilda á bæjarskrifstofunum



Hún er lífseig umræðan um fjölgun starfsmanna á bæjarskrifstofunum í kjölfar stjórnkerfisbreytinga og auglýsingar sjö stöðugilda stjórnenda sumarið 2023.

Einhverjir virðast telja sig hafa af því hagsmuni að þvæla þá umræðu. Þess vegna er ástæða til að fara aftur yfir þær breytingar, ráðningarnar umtöluðu og forsendur þeirra.

### Forsendur breytinga

Forsendur stjórnkerfisbreytinganna voru annars vegar málefnasamningur meirihlutans en í honum kemur eftirfarandi fram: „Stjórnkerfið og skipulag þess endurspegli umfang þeirrar þjónustu sem því er ætlað að veita. Þannig verði sjónum beint að því efla og auka þann mannauð sem býr í starfsfólki bæjarins í samræmi við aukinn íbúafjölda."

Hins vegar tók bæjarstjórn ákvörðun um að láta gera stjórnsýslu- og rekstrarúttekt enda langt um liðið frá því starfsemin var síðast tekin út og skoðuð og bæjarbúum fjölgað margfalt.

### Eftir stjórnkerfisbreytingar

Við stjórnkerfisbreytingarnar sumarið 2023 var bætt við einu sviði í stjórnkerfi bæjarins, sviði menningar, íþrótta og lýðheilsu. Ástæðan var m.a. áhersla meirihluta B, S og C lista á lýðheilsumál og vilji til að efla menningarlíf í bæjarfélaginu. Með þessari breytingu fjölgaði sviðsstjórum um einn.

Sumarið 2023 var ráðið í störf skrifstofustjóra umbóta og þróunar, sviðsstjóra mannauðs og starfsumhverfis, leiðtoga leikskóla og grunnskóla, umhverfis, Mosfellsveitna og leiðtoga fötlunarmála. Samtímis var starf sviðsstjóra þjónustu- og samskiptasviðs lagt niður sem og stöðugildi framkvæmdastjóra Skálatúns.

Fyrrum stjórnendur Mosfellsveitna, grunnskóla-, leikskóla-, umhverfis- og mannauðsmála ásamt sviðsstjóra fræðslu- og frístundasviðs höfðu ýmist horfið til annarra starfa eða hætt vegna aldurs. Í stað þess að ráða einstaka stjórnendur þegar stöður losnuðu var tekin ákvörðun um að fresta ráðningum þar til eftir stjórnsýsluúttekt og stjórnkerfisbreytingar.

### Aukin verkefni

Starfsmönnum á velferðarsviði hefur hins vegar fjölgað frá því að núverandi meirihluti tók við vegna samninga við ríkið um verkefni eins og innleiðingu farsældar, samning um samræmda móttöku og nú síðast verkefnið Gott að eldast. Þau stöðugildi eru að fullu fjármögnuð með samningum við ríkið.

Ráðið var í nýtt stöðugildi viðburðastjóra Hlégarðs og á fræðslu- og frístundasviði var bætt við stöðugildi vegna barna með sértækar þarfir í grunnskólum. Einnig var ákveðið að ráða skólasálfræðing og talmeinafræðing inn í skólaþjónustuna sem áður höfðu starfað sem verktakar og því ekki um útgjaldaaukningu að ræða.

Haustið 2022 var samþykkt í fjárhagsáætlun að styrkja skipulagssviðið sérstaklega enda sögulega stór verkefni í gangi. Fékk skipulagsfulltrúi til liðs við sig verkefnisstjóra auk þess sem lögfræðiþjónustan var styrkt. Hvort tveggja löngu tímabært með auknum umsvifum.

Síðan var samþykkt í fjárhagsáætlun að ráða sérstakan mannauðsráðgjafa fyrir leik- og grunnskóla og er sú auglýsing í gangi núna. Viðkomandi mun að mestu leyti starfa úti í skólunum.

Mosfellsbær tók nýlega að sér það umfangsmikla verkefni á sviði fötlunarmála að reka Skálatún. Þeirri breytingu fylgdu rúmlega 100 starfsmenn í 70 stöðugildum. Í öllum samanburði um fjölgun starfsmanna bæjarins þarf að hafa þessa breytu í huga.

### Áfram gakk

Það er hollt að fara með reglubundnum hætti í gegnum skipulag og stjórnkerfi bæjarfélags eins og Mosfellsbæjar og ef ekki næst árangur með núverandi skipulagi, þá hikar meirihlutinn ekki við að endurskoða það enn frekar.

Mosfellsbær býr að miklum mannauði á öllum sviðum sinnar starfsemi. Þar starfar gamalreynt starfsfólk ásamt öflugum nýliðum sem saman efla og auðga starfsemi sveitarfélagsins og munu, undir forystu okkar frábæra bæjarstjóra, halda áfram að þjónusta bæjarbúa með fyllstu hagkvæmni að leiðarljósi.

*Anna Sigríður Guðnadóttir,*
*bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar*

...fylgstu með okkur
www.facebook.com/mosfellingur

Vegna mikillar sölu leitum við að öllum gerðum eigna í þínu hverfi. Hafðu samband.

Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu samband við Jón Rafn í síma 695 5520 eða með tölvupósti jon@miklaborg.is eða við Óskar í síma 691 2312 eða með tölvupósti osa@miklaborg.is

Bókið skoðun og fáið frítt verðmat



Óskar S. Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 691 2312
osa@miklaborg.is

Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

MIKLABORG | Með þér alla leið

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Stöðuuppfærslur

**in your face**



**Ragnheiður Ríkharðsdóttir**
Nú er ég alveg búin að missa af kosningum til formanns KSÍ er nefnilega í fríi.En er þá ekki bara að dempa sér í næstu kosningar sem eru til embættis forseta landsins. Ég er vel menntuð, vel máli farin, félagslynd og hress, við hjónin myndumst vel sem og fjölskyldan öll :) ég segi bara svona :)
En njótið dagsins kæru FB vinir og verum góð hvert við annað :) *23. feb*



**Dagbjört Vatnsdal Brynjarsdóttir**
Sumt fólk þarf fleiri klukkustundir í sólarhringinn og fleiri daga í vikuna til að komast yfir allt sem þau eru að gera.... Ég er ein af þeim :) Dagurinn í dag er tvöfaldur bónusvinningur... Ekki bara að hann er aukadagur í febrúar heldur er fundurinn sem ég var að fara á í kvöld ekki fyrr en eftir viku! Þannig að ég græddi TVÖ kvöld! Geri aðrir betur :) *29. feb*



**Herdís Ragna**
Ég er ekki vel að mér þegar rætt er um körfubolta. En er að velta einu fyrir mér..... ég heyrði í sjónvarpinu haft eftir keppanda að það hefði verið æðislegt að spila fyrir framan fulla höll af áhorfendum. Af hverju var spilað fyrir framan höllina en ekki inni í henni? Sko, fyrst að gestirnir voru allir inni? Æ, kannski er þetta bara venjan, hvað veit ég :) *21. feb*



**Vala Mörk**
Ok ok, við erum ekki í ítölsku ölpunum á skíðum, en það næstbesta; göngutúr á Mosfell í fallegasta veðri febrúar mánaðar <3 *4. feb*



**Helgi Bjarnason**
Getur einhver hjálpað mér að finna eldri konu sem var með lítinn hvítan hund í bandi á skólalóð Lágafellsskóla í gær (17. feb) sem beit í lærið á unglingsdreng sem gekk framhjá þeim. Drengurinn var bitinn til blóðs og fékk sýklalyf á bráðadeild Landspítalans. *18. feb*

BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Frí Tjónaskoðun
SJÓVÁ · TM · VÍS · Vörður
GÆÐAVOTTAÐ VERKSTÆÐI
Auðbrekku 27. Kópavogi
www.bilasprautun.is
554 2510

Útfararstofa Íslands
www.utforin.is • Mosfellsbæ

Sverrir Einarsson S: 896 8242
Jóhanna Eiríksdóttir
Jón G. Bjarnason S: 793 4455
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

GARÐMENN
...gerum garðinn frægan!
Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.
Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.
Sími 893 5788

GLERTÆKNI ehf
Völuteigi 21
- gler í alla glugga -
S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS

BYGGJUM Á GRÆNUM LAUSNUM

TIMBURGRINDARHÚS
KROSSLÍMDAR EININGAR
SVALALOKANIR
GLUGGAR OG HURÐIR
EININGAR EHF
WWW.EININGAR.IS
Sími: 565 1560 einingar@einingar.is

Bílapartar ehf
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659
Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is


OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA
Lágafellslaug
Virkir dagar: 06:30 - 22:00
Helgar: 08:00 - 19:00
Varmárlaug
Virkir dagar: 06:30-08:00 og 15:00-21.30
Laugard. kl. 08:00 -17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00


MALBIKSTÖÐIN


Nýir Mosfellingar
Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið
mosfellingur@mosfellingur.is

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu
Útvega allt jarðefni
VÖRUBÍLL Þ.B.
Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142


Þú finnur öll blöðin á netinu
WWW.MOSFELLINGUR.IS

Viltu selja?
Hafðu samband
Svanþór Einarsson
Löggiltur fasteignasali
Fasteignasala Mosfellsbæjar
SÍMI: 586 8080
www.fastmos.is
Fasteignasala Mosfellsbæjar • Þverholti 2 • S. 586 8080 • www.fastmos.is

VGH Mosfellsbæ
VERKTAKI SÍÐAN 1968
896-9443 896-2279
ÞAÐ SEM TIL ÞARF

# HEYRST HEFUR...

...að sigurvegari söngvakeppninnar 2024, Hera Björk, sé nýflutt í Mosfellsbæ.

...að félagsstarf eldri borgara sé að fara að fá Brúarland til afnota undir starfsemi sína.

...að golfbíl Sigga Sveins hafi verið stolið úr gámi hjá golfklúbbnum en sé nú kominn til síns heima.

...að Alda og Siggi Hans séu búin að selja fyrirtækið sitt Fagefni.

...að árshátíð starfsmanna Mosfellsbæjar verði haldin í íþróttahúsinu á laugardaginn og þar komi fram m.a. Sverrir Bergmann, Emmsjé Gauti og Guðrún Árný.

...að slegist sé um tíma knattspyrnudeildarinnar í Fellinu.

...að lægstir í útboði vegna jarðvinnu á Varmárvelli hafi verið Óskatak, 136 m., sem er næstum 200 milljónum undir kostnaðaráætlun.

...að enn á ný leiti Afturelding að framkvæmdastjóra fyrir félagið, 38 sóttu um stöðuna.

...að helst söngdívur bæjarins sameinist á tónleikum í Hlégarði á föstudaginn til styrktar meistaraflokki kvenna í knattspyrnu, GDRN, Stefanía, Greta Salóme og fleiri.

...að Jökull Andrésar og Thelma eigi von á sínu fyrsta barni.

...að Laufey Bjarna og Baldur Hauks hafi gift sig óvænt á dögunum í skírnarveislu sonarins

...að Elva Björg, Mosfellingur ársins 2021, eigi afmæli í dag.

...að Sigga Kling stýri konukvöldi í Bankanum á föstudagskvöldið.

...að Birna Kalla Tomm hafi verið ein af dönsurum Bashar í Söngvakeppni Sjónvarpsins.

...að Jónas Sig verði með tónlistarmessu í Lágafellskirkju á sunnudagskvöldið.

...að stefnt sé að því að halda 40 ára afmælishátíð Bólsins með pompi og prakt föstudaginn 12. apríl.

...að Stormsveitin verði með singalong á Blik í kvöld.

...að handboltastrákarnir í 4. flokki séu komnir í Höllina og spili úrslitaleik í bikar á föstudaginn.

...að Siggi Teits sé búinn að selja fyrirtækið sitt Verslunartækni.

...að Hagsmunasamtök íbúa séu að undirbúa allsherjar íbúafund en niðurstöður úr könnun samtakanna hafa hrist vel upp í skipulagsmálum upp á síðastið.

...að Eyjólfur, pabbi Árna Braga hafi haldið forsetaframboðsfund í Mosó um síðustu helgi.

...að Ýr Þórðar eigi 50 ára afmæli á laugardaginn.

...að Anna Níelsar hafi orðið sextug.

...að Júlía og Gummi Matt séu loks gengin í það heilaga eftir 25 ára reynslutíma.

mosfellingur@mosfellingur.is

# Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



**Ónefnd Símonardóttir fæddist 16. febrúar 2024. Þyngd: 3.354 g, lengd: 50 cm, höfuðmál: 35,5 cm. Foreldrar: Edda Karen Þórsdóttir og Herbert Símon Egilsson í Litlakrika 1. Ljósmóðir: Jóhanna Rut Óskarsdóttir.**




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta í yfir 70 ár*

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN


# Í eldhúsinu

HJÁ ÞYRÍ

## Viðhafnarkjötsúpa

Þuríður Ingvadóttir deilir að þessu sinni með okkur uppskrift að gómsætri kjötsúpu.



**Hráefni:**

- 1½ kg súpukjöt
- 1-2 lítrar vatn
- 3-4 lárviðarlauf, brotin í tvennt
- 1-2 nautakjötssúputeningar
- 2-3 hvítlauksrif pressuð
- 1 stór laukur
- 2 gulrófur
- 4 gulrætur brytjaðar
- ¼ hvítkálshaus brytjaður
- 1 tsk timian
- 1 tsk svartur pipar
- 1 tsk lambakrydd frá Pottagöldrum
- Salt eftir smekk

**Aðferð:**

Steikið kjötið á pönnu og setjið síðan í pott ásamt vatni, lárviðarlaufum, pressuðum hvítlauk, venjulegum lauk (skornum í tvennt), timian, svörtum pipar, lambakryddi og 1-2 nautasúputeningum. Soðið í klukkutíma. Þá er bætt í smátt brytjuðu hvítkáli og smátt brytjuðum gulrótum ásamt rófum (ég er stundum með heilar gulrætur líka sem þá bætast við uppgefið magn). Soðið áfram í 45-60 mín. Þegar 30 mín eru eftir af suðutímanum eru kartöflur settar upp í sérpotti. Ef þú vilt hafa bitana fitusnauða er best að vera með framhryggjarsneiðar.

*Verði ykkur að góðu!*

**Þuríður skorar á Guðrúnu Kristjánsdóttur að deila með okkur næstu uppskrift í Mosfellingi**

# MOSFELLSBÆR ER MENNINGARBÆR

Það er margt sem Mosfellingar geta stært sig af við bæinn sinn. Nálægðin við náttúruna og fjöllin skapar kjöraðstæður fyrir útivistargarpa til þess að iðka sínar íþróttir og áhugamál á borð við gönguskíði, hestamennsku og fjallgöngu. Eins er mikið og öflugt íþróttastarf fyrir alla aldurshópa sem bæjarbúar taka virkan þátt í og hvetja sitt fólk áfram. Mosfellskt íþróttalíf varð meira að segja efniviður í sjónvarpsþáttaröðina Aftureldingu sem sýnd var á RÚV á síðasta ári.

Mosfellingar ættu þó einnig að vera einstaklega stoltir af menningarlífinu sem blómstrar í bænum. Hér má finna hinar ýmsu stofnanir og félög sem hafa haldið uppi menningarstarfsemi í gegnum árin og verið stór hluti af bæjarbragnum.

Listaskólinn hefur menntað og mótað tónlistarfólk sem hefur gert það gott á stóra sviðinu samhliða skólakórnum og skólahljómsveitinni. Eins veitir bærinn efnilegum ungmennum styrk á sumrin til þess að iðka sínar listgreinar ásamt efnilegu íþróttafólki. Í bænum er einnig starfræktur Myndlistarskóli Mosfellsbæjar þar sem börn og fullorðnir geta lært allt frá olíumálun til ljósmyndunar.

Leikfélag Mosfellssveitar sýnir um þessar mundir söngleikinn um Línu Langsokk í Bæjarleikhúsinu. Í húsinu fer fram mikilvægt grasrótarstarf þar sem upprennandi leikarar og leikhúsfólk stígur sín fyrstu en sjaldnast síðustu skref. Þau eru ófá börnin sem hafa sótt Leikgleði námskeiðin í leikhúsinu og seinna tekið þátt í sýningum leikfélagsins og er það oft svo að þátttakendur koma víða að af höfuðborgarsvæðinu.

Að lokum hefur reynst einstaklega gefandi að sjá sjálfan Hlégarð opnast upp á gátt fyrir bæjarbúum og blómstra sem menningarhús okkar Mosfellinga. Þar fara nú fram viðburðir vikulega, haldnir eru tónleikar, fyrirlestrar, fundir, brúðkaupsveislur og vel sótt félagsstarf eldriborgara svo eitthvað sé nefnt en húsnæðið er orðið glimrandi fínt eftir að það var tekið í gegn. Líkt og önnur sveitarfélög í nágrenninu hafa sín menningarhús er nauðsynlegt að hér megi finna eitt svoleiðis og stendur Hlégarður þar undir nafni.

Í marsmánuði fer fjöldinn allur af menningarviðburðum fram í bænum undir heitinu Menning í mars. Ég hvet bæjarbúa til þess að sækja sem flesta og taka þannig virkan þátt í menningarlífinu sem er jú ekkert án fólksins í bænum.



ÁSTRÓS HIND




MOSFELLSBAKARI.IS
HÁHOLT 13-15
HÁALEITISBRAUT 58-60
MOSFELLSBAKARÍ

## Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar og hljómborð á tilboði

Mikið úrval
Verð við allra hæfi

## SKEMMTANIR



**Hljómsveitin ÚLTRA**
**Hljómsveit: A. Kröyer/dúett**
Tek að mér að spila í einkasamkvæmum, brúðkaupum, árshátíðum, afmælum og fl.
Er með hljómborð sem virkar eins og hljómsveit.
Get líka verið með fjöldasöng og nota þá kassagítar.
Eins er ég með dinnertónlist.
Söngkona Ann Andreasen.
Verð við allra hæfi.
**Anton – antonben@simnet.is**
**gitarinn@gitarinn.is**
**Símar: 895 9376 - 552 2125**

**Starfsfólk óskast**
Starfsfólk vantar á Hótel Laxnes. Fullt starf - Góð enskukunnátta
Sendið CV á netfangið hotellaxnes@hotellaxnes.is

WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS




**NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT**
**11. APRÍL.**
*Blaðinu er dreift frítt í öll hús í Mosfellsbæ.*
Skilafrestur efnis/auglýsinga er til hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.
mosfellingur@mosfellingur.is

---

www.arioddsson.is
**ARI ODDSSON EHF**
BYGGINGAVERKTAKI
*MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA*
*FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI*
Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

**Öll almenn vörubíla- og kranaþjónusta**
- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttuþjónusta og fl.



**BJ VERK** ehf.
*Björn s: 892-3042*

Sjúkraþjálfun & Sjúkranudd
HEILSUEFLING MOSFELLSBÆJAR
Urðarholt 4 Mosfellsbær — Sími 578 5080

**BílaGlerið**
Framrúður & ísetningar
Sími 587-6510
Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla
Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is

Ökukennsla
**HREIÐARS**
8201616
ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

**GÓÐIR MENN EHF**
Rafverktakar
GSM: 820-5900




- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir

*Löggiltur rafverktaki*

**BERG**
FASTEIGNASALA
**VILTU SELJA?**
588 55 30
WWW.BERG.IS

*~ Fagmenn í yfir 40 ár ~*
**BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR**
Flugumýri 2 - Sími 566-6216

**MALBIKSTÖÐIN**

**MG LÖGMENN**
Erfðaskrár - Kaupmálar - Skipti dánarbúa
Skilnaðarsamningar - Slysamál
Gallar í fasteignum
*Persónuleg þjónusta*
Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

**ÞJÓNUSTUAUGLÝSING Í MOSFELLINGI**
**KR. 7.000 + vsk.***
nafnspjaldastærð = 97 x 52 mm
*Miðast við 5 birtingar eða fleiri - mosfellingur@mosfellingur.is

**ARTPRO**
PRENTÞJÓNUSTA
Bíldshöfða 14 | Reykjavík | s. 547 4444
www.artpro.is

# SPURNING TIL BÆJARBÚA

**Hvað ætlarðu að gera í páskafríinu?**



**LENA:**
Fara til útlanda.



**NADÍA:**
Akureyri á skíði.



**AMIR:**
Taka 100 kg í bekk.



**HALLDÓR INGI:**
Fara til útlanda.



**LANA:**
Njóta.



**SÖLVI MÁR:**
Fara til útlanda.

# Fylgdu okkur á Instagram...

@MOSFELLINGUR




# HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



xx x x



Allt klárt fyrir Colosseum



Bikarinn heim



Pílumeistarar Fálkanna



Idol dómararnir á öskudaginn



Vinir í





City of Joy




**JÓHANN DAÐI, EYGLÓ DÍS OG SUNNA**
**KEPPA Á LAUGARDAGINN Í KRAKKAKVISS**

## TVÍFARAR



**Gunnar Malmquist**



**Óðinn Þór Ríkharðsson**




*Við á Sprey Hárstofu elskum það sem við gerum, við erum fagmenn!*

Hárstofan Sprey

Hægt er að panta tíma á Sprey.is eða í síma 5176677
Mosfellsbæ og Garðabæ.




ALLT
FASTEIGNASALA
www.allt.is • allt@allt.is • 560-5505
Þverholt 2 • Mosfellsbær

Fasteignasala Mosfellsbæjar
Sími: 586 8080
fastmos.is

# MOSFELLINGUR

WWW.MOSFELLINGUR.IS - MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS

Hringdu




## KÆRKOMINN BIKAR

*Stelpurnar okkar í blakinu urðu á dögunum bikarmeistarar í blaki eftir sigur á KA í úrslitum Kjörísbikarsins. Hér má sjá nokkrar þeirra fagna að loknum spennandi leik. Afturelding vann síðast titilinn árið 2017.*

Mynd/Einar Friðgeir Björnsson

Sæktu Landsbanka-appið
App Store
Google Play

Múlalundur
Glæsileg ritfangaverslun í Mosfellsbæ
- kíktu við, þá vinna allir!
MÚLALUNDUR
vinnustofa SÍBS
við Reykjalund, Mosfellsbæ
www.mulalundur.is

MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM

Þjónusta við Mosfellinga í 35 ár


**Pétur Pétursson**
*löggiltur fasteignasali*
*897-0047*


**Brynjólfur Jónsson**
*löggiltur fasteignasali*
*898-9791*

Háholt 14, 2. hæð
588 55 30
BERG
FASTEIGNASALA

Silfurslétta

Rúmgott 160 fm atvinnuhúsnæði á Esjumelum. Húsið er með góða staðsetningu og mjög rúmgott. Mikil lofthæð og góð aðkoma. Næg bílastæði.

Skipholt

Vorum að fá í sölu þekkt fyrirtæki, Íhluti ehf. sem rekur sölu og þjónustu með raftækjabúnað. Fyrirtækið hefur verið staðsett og rekið í Skipholti síðan 1997. Húsnæðið er 192 fm verslunarhúsnæði á jarðhæð. Góð aðkoma að húsi og næg bílastæði. Nánari uppl. í síma 897-0047.

Leirvogstunga

253 fm einbýlishús, vel staðsett með útsýni og stór garður umhverfis. Sólpallur og hellulagt bílaplan með snjóbræðslu. Húsið var allt klætt að utan fyrir nokkrum árum og byggt við það. Er í góðu viðhaldi. Hiti er í gólfum að hluta. 5 svefnherbergi. **Verð: 134 m.**

Sumarhús við Meðalfellsvatn

Vel staðsettur 50 fm sumarbústaður við norðurenda Meðalfellsvatns. Stór sólpallur og afgirt lóð í góðri rækt. Aðeins 20 mín akstur úr Mosfellsbæ. Laus strax. **Verð: 34 m.**

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 9-17 • NETFANG: BERG@BERG.IS • WWW.BERG.IS • BERG FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1989